



Bæjarstjórn Garðabæjar 17. (876)/2020

Boðað er til 17. (876). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 19. nóvember 2020 kl. 17:00 Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Dagskrá:

1. 2003237 - Tillaga um að fundir bæjarstjórnar og nefnda verði með fjarfundarbúnaði.
2. 2011008F - Fundargerð bæjarráðs frá 10/11 '20.
3. 2011021F - Fundargerð bæjarráðs frá 17/11 '20.
 - 1804367 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis Vífilsstaðaland - þróunarsvæði B.
 - 1910293 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar.
 - 1906192 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir norðurhluta Hnoðrahólts.
 - 1910294 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Rjúpnadal.
 - 2010441 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðahólts vegna lóðanna við Keldugötu 2 og 4.
4. 2011010F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 12/11 '20.
5. 2010055F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 12/11 '20.
6. 2011014F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 11/11 '20.
7. 2001357 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 22/10 '20.
8. 2001425 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 6/11 '20.
9. 2001272 - Fundargerðir stjórnar SHS frá 6/3 - 31/10 '20.
10. 2001493 - Fundargerðir svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsv. frá 25/9 og 23/10 '20
11. 2001161 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 27/10 og 2/11 '20.
12. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2024) - fyrri umræða.
13. 2006130 - Tillaga um álagningarhlutfall útsvars á árinu 2021.
14. 2006130 - Tillaga um álagningu gjalda 2021.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
16. (875). fundur 2020

Fimmtudaginn 5. nóvember 2020 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 780/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 20. ágúst 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnáði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 15. október 2020 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2010022F - Fundargerð bæjarráðs frá 20/10 '20.

Ingvar Arnarson, kvaddi sér hljóðs og óskaði Stjórnunni til hamingju með afmælið. Þá ræddi Ingvar 12. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi yfirlit yfir staðsetningu gangbrauta, hraðahindrana, biðskyldu, umferðarhraða og stöðvunarskyldu.

Bæjarstjórn tók undir góðar óskir til Stjórnunnar í tilefni af 60 ára afmæli félagsins 30. október sl.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 12. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi yfirlit yfir staðsetningu gangbrauta, hraðahindrana, biðskyldu, umferðarhraða og stöðvunarskyldu.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi viðauka nr. 8, 9 og 10 við fjárhagsáætlun 2020 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðauki 8

Í byrjun sl. sumars var gerður viðauki vegna atvinnuátaks ungs fólks vegna áhrifa af Covid-19. Viðaukinn sem var gerður var byggður á áætlun miðað við umsóknir sem þá lágu fyrir. Nokkur frávik urðu á þessari áætlun, sem skýra má vegna þess að það skiluðu sér ekki allir í vinnu og sumir unnu styttra en áætlað var. Einnig tókst ekki að ná þeim fjölda sem til stóð í atvinnuátak með endurgreiðslu Vinnumálastofnunar vegna þeirra takmarkana sem þær reglur gerðu ráð fyrir. Miklu fleiri ungmenni sóttu vinnuskólann en áætlun gerði ráð fyrir, vegna slæmrar stöðu á vinnumarkaði.

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar:

Sumaráttak ungs fólks -lækkun kostnaðar	56.000.000	11330-
Sumaráttak með þátttöku Vinnumálastofnunar		
Kostnaður lægri en áætlað var	19.500.000	11340-
Þátttaka Vinnumálastofnunar lægri en áætlað	-18.200.000	11340-
Kostnaður umfram áætlun	1.300.000	
Samtals lægri kostnaður sumarátaks	57.300.000	
Vinnuskóli Garðabæjar viðbótarkostnaður	61.200.000	6271-
Mismunur kostnaðarauki	3.900.000	

Kostnaðarauka mætt með hækkun tekna af fasteignagjöldum vegna nýrra eigna.

Fasteignaskattur -3.900.000 00060-0011

Viðauki 9

Vegna nýrra kjarasamninga á árinu 2020 þarf að leiðrétta launaliði stofnana umfram það sem fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir að launaliðir hækkuðu. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 200 millj. kr. varasjóði sem m.a. átti að nýta til að leiðrétta launaliði mv. niðurstöðu kjarasamninga.

Félagspjónustusvið	16.000.000	02-
Fræðslusvið	216.000.000	04-
Menningarmál	1.000.000	05-
Æskulýðs- og íþróttasvið	15.000.000	06-
Skipulags- og byggingamál	2.000.000	09-
Umhverfismál	4.000.000	11-
Sameiginlegur kostnaður	7.000.000	21-
Þjónustumiðstöð	4.000.000	31-
Samveitur	2.000.000	43-
Samtals	267.000.000	

Kostnaðarauka skal mætt með eftirfarandi hætti:

Varasjóður	163.000.000	31916-7179
Útgjaldajöfnunarframlag	29.000.000	00100-0110
Grunnskólaframlag	45.000.000	00100-0141
Seldur byggingarréttur	30.000.000	31400-0397
Samtals	267.000.000	

Viðauki 10

Fjölskyldusvið

Á fjölskyldusviði þarf að hækka fjárheimildir vegna þjónustu við fatlað fólk og kostnaðarauka við rekstur búsetukjarna við Unnargrund sem er til kominn vegna næturvakta og hækkunar á launum samkvæmt nýjum kjarasamningum.

Samtals 54.000.000

Kostnaðarauka skal mætt með eftirfarandi hætti.

Seldur byggingarréttur -54.000.000 31400-0397

Bæjarstjórn samþykkir tillögu um staðsetningu gangbrauta, hraðahindrana, biðskyldu, umferðarhraða og stöðvunarskyldu. Auglýsing skal birt í B-deild Stjórnartíðinda varðandi sérákvæði fyrir umferð í Garðabæ í samræmi við samþykktu tillögu, sbr. 1. og 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Fundargerðin sem er 14 tl. er samþykkt samhljóða.

2. 2010034F - Fundargerð bæjarráðs frá 27/10 '20.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 23. tl., bréf Samtakanna 78 varðandi styrk.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 23. tl., bréf Samtakanna 78 varðandi styrk.

Fundargerðin sem er 24 tl. er samþykkt samhljóða.

3. 2010054F - Fundargerð bæjarráðs frá 3/11 '20.

Ingvar Arnarson, ræddi 3. tl., fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 og gerði athugasemd við framsetningu á lista yfir erindi sem vísað hefur verði til fjárhagsáætlunar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 24. tl., bréf Golfklúbbsins Odds varðandi áhyggjur af aukinni umferð á flóttamannaleið.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 24. tl., bréf Golfklúbbsins Odds varðandi áhyggjur af aukinni umferð á flóttamannaleið.

Gunnar Einarsson, ræddi 24. tl., bréf Golfklúbbsins Odds varðandi áhyggjur af aukinni umferð á flóttamannaleið.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 24. tl., bréf Golfklúbbsins Odds varðandi áhyggjur af aukinni umferð á flóttamannaleið.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 24. tl., bréf Golfklúbbsins Odds varðandi áhyggjur af aukinni umferð á flóttamannaleið.

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., fjárhagsáætlun Garðabæjar 2021.

Almar Guðmundsson, ræddi 3. tl., fjárhagsáætlun Garðabæjar 2021.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 3. tl., fjárhagsáætlun Garðabæjar 2021

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi viðauka nr. nr. 11, 12, 13 og 14 við fjárhagsáætlun 2020 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðauki 11

Covid útgjöld

Eftirfarandi kostnaður hefur fallið á málaflokka vegna Covid útgjalda.

Kostnaður sem forstöðumenn voru beðnir um að merkja með sérstöku verknúmeri og er vegna beins útlagðs kostnaður vegna Covid 19 heimsfaraldurs.

Um er að ræða hreinlætisvörur, hanskar, grímur, spritt, viðbót við tölvubúnað sem nauðsynlegur var vegna fjarfunda og fleira.

Fjölskyldusvið	300.000	02-xxxx
Fræðslumál	15.000.000	04-xxxx
Menningarmál	700.000	05-xxxx
Æskulýðs og íþróttamál	2.000.000	06-xxxx
Umhverfismál	200.000	11-xxxx
Sameiginlegur kostnaður	2.600.000	21-xxxx
Eignasjóður	200.000	31-xxxx
Samtals	21.000.000	

Fjölskyldusvið

Samningur við Vinakot vegna búsetuurræða sem gert var ráð fyrir hluta ársins að fjárhæð 44,5 millj. kr. var framlengdur út árið. Jafnframt hefur reynst nauðsynlegt að kaupa sérfræðiráðgjöf sem snýr að atferliþjálfun.

Aðkeypt sólarhringsþjónusta	44.500.000	02530-4382
Aðkeypt sérfræðisþjónusta	500.000	02530-4990
Samtals	45.000.000	

Fjármögnun:

Kostnaðarauka skal mætt með seldum byggingarrétti.

Byggingarréttur	-66.000.000	31400-0397
-----------------	-------------	------------

Viðauki 12

Breyting á fjárfestingaáætlun

Lagt er til að eftirfarandi breyting verði gerð á fjárfestingaráætlun 2020.

Við upphaflega áætlun var gert ráð fyrir nettó tölu vegna byggingar fjölnota íþróttahúss. Sú breyting er gerð að tekjufæra sölu byggingarréttar á málaflokk 31 (eignasjóður) og færa heildarkostnað vegna byggingar fjölnota íþróttahúss á framkvæmdaáætlun.

Fjárfestingar:

Skólahúsnæði	108.000.000
Framlag Urriðaholts	-110.000.000
Íþróttamannvirki	32.000.000
Fjölnota íþróttahúss	1.000.000.000
Búsetuúrræði fyrir fatlaða	-190.000.000
Vífilsstaðaland	-211.800.000
Samtals	628.200.000

Fjármögnun:

Seldur byggingarréttur	-628.200.000	31400-0397
------------------------	--------------	------------

Viðauki 13

Lækkun tekna vegna Covid-19.

Vegna heimsfaraldurs Covid-19 verður að breyta áætlun útsvarstekna, vegna gríðarlegra breytinga á vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur á árinu 2020 verði um 400 millj. kr. lægri en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir.

Staðgreiðsla útsvars	400.000.000	00010-0021
----------------------	-------------	------------

Leikskólagjöld og gjöld í tómsundaheimilum hafa verið felld niður þegar börn hafa verið í sóttkví eða veik vegna Covid-19.

Þjónustugjöld hafa verið lækkuð eða felld niður vegna lokunar og skertrar þjónustu.

Leikskólagjöld	37.000.000
Þjónustugjöld tómsundaheimila	14.000.000
Samtals	51.000.000

Viðauki 14

Vegna samþykktar bæjarstjórnar um almenningssamgöngur í Urriðaholti þar af bæta við 13 millj. kr á fjárhagsáætlun til að mæta kostnaði við verkefnið.

Strætó	13.000.000	10720-9195
--------	------------	------------

Fjármögnun:

Lækkun rekstrarafgangs	-13.000.000
------------------------	-------------

Millifærsla milli A- og B- sjóðs

Hjúkrunarheimilið Ísafold var rekið sem B-deildar fyrirtæki Garðabæjar á árunum 2013 - 2017. Halli var á rekstrinum öll árin. Samkvæmt reikningsskilaaðferðum sveitarfélaganna ber að gera reikningskil við lok starfsemi B-deildarfyrirtækja milli A og B sjóðs. Þar sem Garðabær var í málaferlum við ríkið vegna hallareksturs stofnunarinnar var ekki gengið frá þessu uppgjöri og ákveðið að bíða með það þangað til niðurstaða dóms lægi fyrir. Nú þykir því rétt að gera upp þessi reikningskil milli A- og B-

sjóðs enda liggur fyrir niðurstaða með dómi Hæstaréttar. Það er því fullreynt að ríkið mun ekki standa skil á verkefninu gagnvart Garðabæ.

Niðurstaðan hefur engin áhrif á samantekin reikningsskil.

Hjúkrunarheimili uppgjör A sjóður 538.000.000

Hjúkrunarheimili uppgjör B- sjóður -538.000.000

Engin áhrif á heildarrekstur.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að veita leyfi til framkvæmda samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 við endurnýjun aðkomuvegar að Hliði á Álftanesi. Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulag sem gildir fyrir Hlið, upphaflega samþykkt árið 2000. Framkvæmdin er háð leyfi Umhverfisstofnunar, samkvæmt 12. gr. auglýsingar nr. 606/2020 um friðlýsingu Hliðs í Garðabæ, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. (Mál nr. 2009627)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að veita leyfi til framkvæmda samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir lagningu stígs frá Vífilsstaðavatni að Grunnvatnsskarði. Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulag sem gildir fyrir Heiðmörk, upphaflega samþykkt 2017, sbr. auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1115/2017 og breytingu deiliskipulagi, sbr. auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1047/2020. Framkvæmdin er háð leyfi Umhverfisstofnunar, samkvæmt 5. gr. auglýsingar um friðlýsingu Vífilsstaðavatns og nágrennis nr. 1064/2007, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. (Mál nr. 2009028)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um gerð lýsingar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytinga á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er tekur til svæðis við Brekkuás. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun, umsagnaraðilum og kynna hana almenningi. (Mál nr. 2010333)

Bæjarstjórn samþykkir með átta atkvæðum tillögu skipulagsnefndar um gerð lýsingar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytinga á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er tekur til svæðis í Garðahverfi. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun, umsagnaraðilum og kynna hana almenningi. (Mál nr. 2010080) Ingvar Arnarson, Sara Dögg Svanhildardóttir Harpa Þorsteinsdóttir greiddu atkvæði gegn tillögunni.

Ingvar Arnarson, óskaði eftir að bókun Baldurs Ó. Svavarssonar sem lögð var fram í skipulagsnefnd verði færð til bókunar í fundargerð bæjarstjórnar.

"Undirritaður fulltrúi minnihlutans hefur marg varað við vanreifuðu einkavæddu deiliskipulagi Garðahverfis. Enn eru kynntar breytingar á þessu skipulagi - nú í 10 liðum !. Hættan á skipulagslausri uppbyggingu þessa svæðis er því sannarlega fyrir hendi skv. þessum gögnum, líkt og varað hefur verið við. Þarna er að verða til enn eitt bútasumaða skipulagið svo vitnað sé í þekkt orðfæri. Enn skal minnt á að hér er fórnað einhverju glæsilegasta byggingasvæði á öllu höfuðborgarsvæðinu, í gæluverkefni, greitt af einkaaðila í bænum. Undirrituðum skilst þó að þessar kynntu breytingarnar séu kostaðar af bæjarsjóði í þetta sinn. Fulltrúi G-lista Garðabæjarlistans í skipulagsnefnd."

Áslaug Hulda Jónsdóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Vakin er athygli á því að Baldur Ó. Svavarsson, arkitekt og fulltrúi Garðabæjarlistans í skipulagsnefnd vann samkeppni um Rammaskipulag á Garðaholti árið 2001. Rammaskipulagið gerði ráð fyrir um 7-8 þúsund íbúa byggð með tilsvarendi umferðaflæði og næði yfir um 130 hektara lands þar á meðal Garðahverfið sem inniheldur miklar forn- og menningarminjar.

Bókun fulltrúa Garðabæjarlistans verður að taka með þeim fyrirvara að viðkomandi hefur verulega mikla hagsmuni af því að unnið verði eftir því rammaskipulagi á Garðaholti sem hann er höfundur að. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur fallið frá rammaskipulaginu sem kynnt var 2001/2002, enda ekki í samræmi við áherslur bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ í umhverfismálum og á friðlýsingar

á náttúru- og menningarminjum í landi Garðabæjar. Íbúar Garðabæjar geta og hafa tjáð skoðun sína á áherslum bæjarstjórnar á fjögurra ára fresti.

Megin markmið og tilgangur með nýju skipulagi Garðahverfis er að festa í sessi framtíðarsýn fyrir Garðahverfi og skilgreina markmið og leiðir að þeirri sýn. Það er gert með því að setja skilmála fyrir mannvirkjagerð og verndun náttúru og búsetuminja á svæðinu. Áherslur deiliskipulagsins eru að stuðla að varðveislu menningar- og náttúruminja í Garðahverfi og gera það aðgengilegt til útivistar og náttúruskoðunar. Sérstaklega er tekið mið af sögulega sérstöku búsetulandslagi og aldagömlu hlutverki svæðisins, sem kirkju- og menningarstaðar, en um leið lögð áhersla á að tryggja viðhald og eðlilega þróun byggðar í Garðahverfi.,,

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framkomna bókun.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, tók til máls á ný.

Almar Guðmundsson, tók til máls.

Ingvar Arnarson, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir tók til máls á ný.

Gunnar Einarsson, tók til máls á ný.

Bæjarstjórn samþykkir með átta atkvæðum tillögu skipulagsnefndar um gerð lýsingar sbr. skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytinga á deiliskipulagi Garðahverfis. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun, umsagnaraðilum og kynna hana almenningi, sbr. 2. mgr. 40. gr. sömu laga. (Mál nr. 2010078) Ingvar Arnarson, Sara Dögg Svanhildardóttir og Harpa Þorsteinsdóttir greiddu atkvæði gegn tillögunni.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar er varðar landnotkunarreit 5.04 VP í norðanverðu Urriðaholti. Tillagan skal send Skipulagsstofnun til athugunar, sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. (Mál nr. 2008336)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts. (Mál nr.1811125)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, vegna fjölgunar íbúða úr 9 í 10 við Urriðaholtsstræti 42. Tillagan var auglýst og bærust engar athugasemdir Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga sbr. einnig 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. (Mál nr. 2007239)

Lóðarhafa skal bent á að við fjölgun íbúða kemur til greiðslu gjalds til uppbyggingar skóla- og íþróttamála samkvæmt samningi um uppbyggingu byggðar í Urriðaholti og nemur gjaldið kr. 860.672 á íbúð m.v. BVT 743,4 stig í nóvember 2020 og gjaldfellur við útgáfu á byggingarleyfi.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis þó að þakpappi verði ysta byggingarefni á þaki en um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. (Mál nr.2010028)

Fundargerðin sem er 24 tl. er samþykkt samhljóða.

4. 2010025F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 21/10 '20.

Almar Guðmundsson ræddi 1. tl., vinnu starfshóps til að tryggja eftirfylgni með stöðu barna í Covid-19 og 4. tl. endurskoðum lýðræðisstefnu Garðabæjar.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., vinnu starfshóps til að tryggja eftirfylgni með stöðu barna í Covid-19 og 4. tl. endurskoðum lýðræðisstefnu Garðabæjar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., vinnu starfshóps til að tryggja eftirfylgni með stöðu barna í Covid-19.

Almar Guðmundsson ræddi að nýju 4. tl., vinnu starfshóps til að tryggja eftirfylgni með stöðu barna í Covid-19.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 4. tl., vinnu starfshóps til að tryggja eftirfylgni með stöðu barna í Covid-19.

Fundargerðin lögð fram.

5. 2010007F - Fundargerð leikskólanefndar frá 7/10 '20.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., þróunarsjóð leikskóla.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi . tl., þróunarsjóð leikskóla.

Fundargerðin lögð fram.

6. 2010019F - Fundargerð leikskólanefndar frá 21/10 '20.

Fundargerðin lögð fram.

7. 2010031F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 23/10 '20.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og spurði um útfærslu á styrk frá ríkinu til starfsemi íþróttafélaga.

Björg Fenger, kvaddi sér hljóðs og sagði frá heimsókn fulltrúa frá félagsmiðstöðvum og ungmennaráðs á fund ráðsins. Þá ræddi Björg 2. tl., áhrif Covid-19 á rekstur íþróttafélaga og 7. tl., sporið – útivistarverkefni. Björg svaraði fyrirspurn varðandi útfærslu á styrk frá ríkinu til starfsemi íþróttafélaga.

Fundargerðin lögð fram.

8. 2011001F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 2/11 '20.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., rafræna menningarviðburði, 3. tl., menningardagskrá fyrir skólahópa og 5. tl., umsókn frá ungum Garðabæing um styrk vegna tónlistarverkefnis.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., rafræna menningarviðburði.

Gunnar Valur Gíslason ræddi að nýju 2. tl., rafræna menningarviðburði

Fundargerðin lögð fram.

9. 2010017F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 15/10 '20.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., uppbyggingu búsetukjarna við Brekkuás.

Fundargerðin lögð fram.

10. 2010037F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 29/10 '20.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 1. tl., tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna svæðis við Vífilsstaði, Vetrarmýri og Hnoðraholti.

Almar Guðmundsson ræddi 8. tl., uppbyggingu búsetukjarna við Brekkuás.

Fundargerðin lögð fram.

11. 2010013F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 14/10 '20.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 5. tl., mengunarmælingar 2020.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., veiðikortið 2021 og 5. tl., mengunarmælingar 2020.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl. veiðikortið 2021.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, 1. tl. veiðikortið 2021 og aðstöðu við Vífilsstaðavatn.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl. veiðikortið 2021 og aðstöðu við Vífilsstaðavatn.

Fundargerðin lögð fram.

12. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 19/10 '20.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 1. tl., áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., starfsleyfi.

Fundargerðin lögð fram.

13. 2001357 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 9/10 og 15/10 '20.

Fundargerðirnar lagðar fram.

14. 2001161 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 5/10, 12/10 og 19/10 '20.

Fundargerðirnar lagðar fram.

15. 2001494 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðis. frá 14/10 '20.

Björg Fengler, ræddi 1. tl., fjárhagsáætlun skíðasvæðanna 2021.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 5. tl., útboðsmál skíðasvæðanna.

Gunnar Einarsson, ræddi 5. tl., útboðsmál skíðasvæðanna.

Björg Fenger, ræddi 5. tl., útboðsmál skíðasvæðanna.

Fundargerðin lögð fram.

16. 2010313 - Gjaldskrá heilbrigðiseftirlits vegna leyfisveitinga.

Gunnar Einarsson, gerði grein fyrir breytingum á framlagðri gjaldskrá en gert er ráð fyrir 2,5% hækkun.

Bæjarstjórn samþykkir gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins árið 2021.

17. 2010313 - Gjaldskrá fyrir hundahald 2021.

Gunnar Einarsson, gerði grein fyrir breytingu á framlagðri gjaldskrá.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir gjaldskrá hundahalds árið 2021.

18. 2011046 - Tillaga Garðabæjarlistans um lýðheilsu ungmenna.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu er hún flytur ásamt Ingvari Arnarsyni og Hörpu Þorsteinsdóttur.

„Tillagan felur í sér að gerð verði könnun meðal ungmenna í árgöngum 2002 - 2007 með það að markmiði að kanna hverskonar fræðslu ungmennin myndu helst vilja sjá til að efla andlega vellíðan. Garðabæjarlistinn leggur til að hlúð verði sérstaklega að lýðheilsa ungmenna fædd 2002 - 2007 (13-18) ára í Garðabæ með fræðslu og stuðningi sem kann að vera mikilvægur. Fræðslusviði verði falið að finna leiðir til þess að nálgast þennan hóp sérstaklega til að hlúa að andlegri líðan við þær óvenjulegu aðstæður sem heimsfaraldurinn Covid 19 skapar. Liggur beinast við að fjartækni verði nýtt eins og kostur er.“

Greinargerð

Heimsfaraldurinn Covid-19 kallar á alls konar aðgerðir og nú blasir við ungmendum nýr veruleiki þar sem lífsgæði þeirra eru verulegt skert a.m.k. tímabundið þar sem aðgengi að félagslegri þátttöku eru óheimil eða bundin gríðarlegum takmörkunum. Að ekki sé minnst á hefðbundna viðveru í skólum á framhaldsskólastigi.

Þar fyrir utan er það svo að geðræn vandamál eru vaxandi í okkar samfélagi og eru að verða ein af stærstu viðfangsefnum lýðheilsu í heiminum – þar á meðal á Íslandi. Þunglyndi er metið sem eitt af stærstu heilsufarsvandamálunum sem dregur úr lífsgæðum fólks. Það er því brýnt að forvarnar- og heilsueflingar-verkefni snúist í auknum mæli um andlega líðan. Tillagan styður við þau verkefni sem eru í farvatninu hjá sveitarfélaginu þar sem Garðabær er heilsueflandi samfélag, stendur frammi fyrir innleiðingu heimsmarkmiðanna og innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem hvetja til aukinnar áherslu á andlega líðan íbúa.

En einnig hafa væntingar um að sveitarfélög taki aukna ábyrgð á fræðslu og þjálfun ungmenna vaxið undanfarin ár.

Við í Garðabæjarlistanum teljum mjög aðkallandi að bregðast við og rýna þá stöðu sem ungmenni eru að glíma við þessi misserin.

Harpa Þorsteinsdóttir, tók til máls um framkomna tillögu.

Björg Fenger, ræddi framkomna tillögu og lagði til að tillögunni verði vísað til íþróttá- og tómstundaráðs.

Harpa Þorsteinsdóttir, tók til máls að nýju og lagði til að vísa tillögunni einnig til starfshóps til að tryggja eftirfylgni með stöðu barna í Covid-19.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju.

Björg Fenger tók til máls að nýju.

Gunnar Einarsson, tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögunni til íþróttá- og tómstundaráðs og starfshóps til að tryggja eftirfylgni með stöðu barna í Covid-19.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send bæjarráðsfulltrúm og undirrituð með rafrænum undirskriftum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)


Undirritunarsíða

Áslaug Hulda Jónsdóttir



Undirritað af:
Áslaug Hulda
Jónsdóttir
0505764699
Dags: 06.11.2020
Tími: 15:09:33
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fdbf152c-
9693-4e42-9edf-
949c88f44969

Sigríður Hulda Jónsdóttir




Undirritað af:
Sigríður Hulda
Jónsdóttir
1809645689
Dags: 09.11.2020
Tími: 09:53:17
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fdbf152c-
9693-4e42-9edf-
949c88f44969

Sigurður Guðmundsson



Undirritað af:
Sigurður
Guðmundsson
2003703419
Dags: 09.11.2020
Tími: 17:06:34
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fdbf152c-
9693-4e42-9edf-
949c88f44969

Gunnar Valur Gíslason



Undirritað af:
Gunnar Valur Gíslason
0603586809
Dags: 06.11.2020
Tími: 15:24:37
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fdbf152c-
9693-4e42-9edf-
949c88f44969

Jóna Sæmundsdóttir



Undirritað af:
Jóna Sæmundsdóttir
1903582169
Dags: 06.11.2020
Tími: 13:15:00
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fdbf152c-
9693-4e42-9edf-
949c88f44969

Almar Guðmundsson




Undirritað af:
Almar Guðmundsson
0305722979
Dags: 06.11.2020
Tími: 15:49:21
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fdbf152c-
9693-4e42-9edf-
949c88f44969

Björg Fenger



Undirritað af:
Björg Fenger
1308785049
Dags: 06.11.2020
Tími: 15:13:10
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fdbf152c-
9693-4e42-9edf-
949c88f44969

Gunnar Einarsson




Undirritað af:
Gunnar Einarsson
2505554079
Dags: 09.11.2020
Tími: 08:56:10
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fdbf152c-
9693-4e42-9edf-
949c88f44969

Sara Dögg Svanhildardóttir



Undirritað af:
Sara Dögg
Svanhildardóttir
2607733139
Dags: 06.11.2020
Tími: 13:16:50
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fdbf152c-
9693-4e42-9edf-
949c88f44969

Ingvar Arnarson



Undirritað af:
Ingvar Arnarson
2406783819
Dags: 08.11.2020
Tími: 12:02:41
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fdbf152c-
9693-4e42-9edf-
949c88f44969

Undirritunarsíða

Harpa Þorsteinsdóttir



Undirritað af:
Harpa Þorsteinsdóttir
2706862229
Dags: 06.11.2020
Tími: 19:44:41
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fdbf152c-
9693-4e42-9edf-
949c88f44969

AUGLÝSING

um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga.

Vegna neyðarástands af völdum COVID-19 farsóttar, hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra tekið ákvörðun um að framlengja heimild allra sveitarstjórna, sem veitt var með auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 230/2020, til að víkja tímabundið frá eftirfarandi skilyrðum sveitarstjórnarlaga til að tryggja starfhæfi sitt og til að auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélags, með vísan til VI. bráðabirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011:

1. Að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins, án þess að fjarlægðir séu miklar, samgöngur innan sveitarfélagsins séu erfiðar eða mælt sé fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykktum sveitarfélagsins.
2. Að ákveða að engin takmörk verði á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins með fjarfundarbúnaði.
3. Að ákveða að valdsvið nefnda verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í samþykktum sveitarfélagsins.
4. Að fela fastanefnd eða einstökum starfsmönnum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinnna mála sem varða ekki verulega fjárhag sveitarfélags og lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn, þrátt fyrir að kveðið sé á um annað í samþykktum sveitarfélagsins.
5. Að ákveða að staðfesting fundargerða sveitarstjórnar verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í 10. og 11. gr. auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, nr. 22/2013.

Um er að ræða skilyrði samkvæmt 3. mgr. 17. gr., 5. mgr. 35. gr., 1. mgr. 40. gr., 1. og 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga og 5. gr. auglýsingar um leiðbeiningar um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna, nr. 1140/2013.

Sveitarstjórnunum er heimilt að taka þessar ákvarðanir á fundi þar sem allir fundarmenn taka þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Heimild þessi gildir til 10. mars 2021.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 3. nóvember 2020.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Bæjarráð Garðabæjar
44. (1952). fundur 2020

Þriðjudaginn 10. nóvember 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 780/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 20. ágúst 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001444 - COVID-19 - hættustig almannavarna.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir fundi almannavarna sem haldinn var sl. föstudag en þar var m.a. farið yfir samantekt á helstu reglum um takmarkanir og ráðstafanir neyðarstjórna og sveitarfélaga. Kynntar voru leiðbeiningar fyrir velferðarþjónustu sveitarfélaga. Hertar takmarkanir gilda til 17. nóvember nk.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs gerði grein fyrir skipulagi skólustarfs við hertar takmarkanir og sagði frá hvernig sérfræðiþjónusta væri sinnt í skólunum. Félagsmálastjóri fór yfir stöðu mála á sínu sviði.

Bæjarfulltrúarnir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir og Harpa Þorsteinsdóttir voru á fundi bæjarráðs undir dagskrárlíðum 1-2.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri var á fundi bæjarráðs undir dagskrárlíðum 1-2.

2. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2024).

Fjármálastjóri gerði grein fyrir vinnu við undirbúning að framlagningu fjárhagsáætlunar.

Boðað hefur verið til fundar með bæjarfulltrúum nk. fimmtudag til að kynna tillögu að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árin 2021-2024 sem lögð verður fram á næsta fundi bæjarráðs. Fyrri umræða um frumvarp að fjárhagsáætlun 2021-2024 verður á fundi bæjarstjórnar 19. nóvember nk.

3. 2003449 - Leiðréttingar á þjónustugjöldum vegna skerðingar á þjónustu af völdum Covid-19.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi tillögu vegna leiðréttingar á gjöldum vegna skertrar þjónustu af völdum Covid-19.

„Í þeim tilvikum sem þjónusta leik- og grunnskóla fellur niður eða skerðist vegna verkfalls, samkomubanns, veikinda eða sóttkvíar starfsmanna eða af öðrum sambærilegum ástæðum verða gjöld fyrir viðkomandi þjónustu leiðrétt í samræmi við hlutfall skerðingarinnar.

Í þeim tilvikum sem börn geta ekki nýtt sér þjónustu vegna sóttkvíar eða veikinda verða gjöld leiðrétt hlutfallslega. Hægt er að fara fram á staðfestingu um sóttkví barns frá rakningateymi ef um er að ræða sóttkví sem ekki tengist viðkomandi starfsemi. Matargjald á leikskólum skal skert ef fjarvera barns varir lengur en 14 almanaksdaga. Sjálfskipuð sóttkví telst ekki til frádráttar.“

Ofangreint nær til þjónustugjalda leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. „

4. **2011047 - Tilkyning frá Hafnarfjarðarbæ um lýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags.**
Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.
5. **2011101 - Bréf Camerartica varðandi styrk til tónleikahalds í Garðakirkju í desember 2020, dags. 02.11.20.**
Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu menningar- og safnanefndar.
6. **2009024 - Skipun dómnefndar vegna samkeppni um hönnun leikskóla í Urriðaholti.**
Bæjarráð samþykkir að skipa eftirfarandi aðila sem fulltrúa Garðabæjar í dómnefnd vegna framkvæmdasamkeppni um hönnun nýs leikskóla í Urriðaholti.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs.
Kristjana Sigursteinsdóttir, formaður leikskólanefndar.
Hrefna Gunnarsdóttir, leikskólakennari í Urriðaholtsskóla.

7. **2011098 - Erindi Fjölsmiðjunnar um fjárstuðning vegna áhrifa Covid-19, dags. 02.11.20.**
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021 og felur bæjarstjóra að taka málið upp á vettvangi stjórnar SSH.

8. **2011030 - Bréf Bandalags háskólamanna varðandi styttingu vinnuvikunnar hjá dagvinnufólki, dags. 02.11.20.**
Bæjarstjóri upplýsti að unnið er að mótun tillagna um styttingu vinnutíma dagvinnufólks sem bornar verða undir atkvæði starfsfólks í leynilegri kosningu. Í framhaldinu verða niðurstöðvar lagðar fyrir bæjarráð til umfjöllunar og staðfestingar. Málið verður til kynningar á næsta fundi bæjarráðs.

Bréfitari hefur verið upplýstur um stöðu mála.

9. **2011121 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar, 39. mál., dags. 05.11.20.**
Lagt fram.

10. **2011123 - Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis varðandi minningardag fórnarlamba umferðarslysa, dags. 26.10.20.**
Lagt fram.

11. **2003237 - Auglýsing samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um að framlengja til 10. mars 2021 heimild sveitarstjórna að halda fjarfundum í bæjarstjórn og nefndum.**

Vegna neyðarástands af völdum Covid-19 farsóttar, hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra tekið ákvörðun um að framlengja heimild allra sveitarstjórna, til að víkja tímabundið frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga um fjarfundum og staðfestingu fundargerða. Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn samþykkir að heimilað verða að nota fjarfundarbúnað á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda sveitarfélagsins og víkja frá skilyrði í 3. mgr. 17.gr. sveitarstjórnarlaga þar sem áskilnaður er um miklar fjarlægðir eða erfiðar samgöngur innan sveitarfélagsins, sbr. 1. tl. í auglýsingu ráðherra. Bæjarstjórn samþykkir að fundargerðir verði lesnar upp í lok fundar og samþykktar. Fundargerðir skulu sendar fundarmönnum með tölvupósti og undirritaðar með rafrænum undirskriftum, sbr. 5. tl. í auglýsingu ráðherra. Samþykkt þessi gildir til 10. mars 2021,

sbr. auglýsing nr. 1076/2020, um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI: bráðbirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020“

12. 1805051 - Fundargerð samráðshóps vegna stækkunar íþróttamiðstöðvar GKG.

Bæjarverkfræðingur gerði nánari grein fyrir stöðu framkvæmda við stækkun íþróttamiðstöðvar GKG.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send bæjarráðsfulltrúm og undirrituð með rafrænum undirskriftum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
45. (1953). fundur 2020

Þriðjudaginn 17. nóvember 2020 kl. 09:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 1076/2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001444 - COVID-19 - hættustig almannavarna.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir fundi almannavarna sem haldinn var sl. föstudag en þar var m.a. rætt um mögulegar tilslakanir frá og með 18. nóvember. Nýjar reglur um samkomubann taka gildi á morgun. Helstu breytingar eru að íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf barna í leik- og grunnskólum verður heimilt á ný. Í framhaldsskólum verða fjöldamörk aukin í 25. Hægt verður að hefja ýmsa þjónustustarfsemi sem krefst snertingar eða mikillar nándar. Almennar fjöldatakmörkanir miðast áfram við 10 manns. Reglurnar gilda til 2. desember nk.

Kynnt var samantekt nýgengni smita undanfarna 14 daga, fjölda smita eftir aldri og fjölda smita eftir lögheimili.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs gerði grein fyrir skipulagi skólastarfs en ný reglugerð um takmörkun á skólastarfi tekur gildi á morgun. Leikskólabörn og börn í 1.- 4. bekk grunnskóla mega vera 50 saman að hámarki en nemendur í 5.- 10. bekk að hámarki 25 saman. Börn í 5. - 7. bekk grunnskóla verða undanþegin grímuskyldu og 2 metra nálægðartakmörkunum, líkt og yngri börn í grunnskóla og leikskólabörn. Grímuskylda kennara gagnvart þessum börnum verður einnig afnumin. Skýrt verður kveðið á um að á útisvæðum leik- og grunnskóla séu engar kröfur sem hindra blöndun hópa, né kröfur varðandi fjöldatakmörkanir, nálægðartakmörkanir eða grímunotkun.

Á fundinum kom fram hrós til stjórnenda skólanna fyrir framkvæmd skólastarfs við þessar erfiðu aðstæður.

Bæjarfulltrúarnir, Gunnar Valur Gíslason, Sara Dögg Svanhildardóttir, Jóna Sæmundsdóttir og Harpa Þorsteinsdóttir voru á fundi bæjarráðs undir dagskrárliðum 1-8.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri var á fundi bæjarráðs undir dagskrárliðum 1-8.

2. 2008632 - Kynning á ákvæðum kjarasamninga um styttingu vinnutíma dagvinnufólks.

Á fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið voru Inga Þóra Þórisdóttir, mannauðsstjóri og Auður Jóhannsdóttir, deildarstjóri kjarasviðs. Gerðu þær grein fyrir ákvæðum í kjarasamningum um styttingu vinnutíma dagvinnufólks þar sem almennt er gert ráð fyrir að vinnutími styttest um 13 mínútur á dag eða 65 mínútur á viku. Sögðu þær frá undirbúningi að mótun tillagna um fyrirkomulag á styttingu vinnutímans sem verða bornar undir atkvæði starfsmanna í leynilegri kosningu. Niðurstaðan verður lögð fyrir bæjarstjórn til staðfestingar.

Fram kom að mannauðsstjórar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hafa samráð við mótun tillagna og þá leiðir Samband íslenskra sveitarfélaga samráð um málið á landsvísu.

3. 2009193 - Drög að reglum Garðabæjar um úthlutun sérstakra íþróttá- og tómstundastyrkja fyrir börn.

Á fundi bæjarráðs undir þessum dagskrárlið voru Sunna G. Sigurðardóttir, verkefnastjóri og Sigríður Logadóttir, persónuverndarfulltrúi og lögfræðingur. Um er að ræða styrki sem ríkið úthlutar og fjármagnar en sveitarfélög sjá um framkvæmdina og annast greiðslur til viðkomandi aðila.

Gerðu þær nánari grein fyrir helstu skilyrðum fyrir úthlutun styrks og hvernig staðið verði kynningu málsins.

Bæjarráð samþykkir reglur Garðabæjar um úthlutun sérstakra íþróttá- og tómstundastyrkja fyrir börn.

4. 1902069 - Aðgerðaráætlun sviða vegna úttektar á stjórnsýslu, rekstri og fjárhag Garðabæjar - staðan nóvember 2020.

Lagðar fram uppfærðar aðgerðaráætlanir sviða vegna tillagna sem bæjarstjórn hefur samþykkt í tengslum við úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjárhag bæjarins. Í aðgerðaráætlun sviða kemur fram tímarammi, ábyrgðaraðili og lýsing á framgangi verkefna.

Umræða var um einstaka þætti.

5. 2006130 - Frumvarp að fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2024).

Fjármálastjóri gerði grein fyrir tillögu að frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2021 og árin 2022 - 2024, ásamt forsendum og framkvæmdayfirliti.

Niðurstöður rekstrarreiknings fyrir A og B hluta samkvæmt tillögu að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2021 eru:

Heildartekjur	17.398.686 þkr.
Heildargjöld	15.774.927 þkr.
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	1.623.759 þkr.
Afskriftir (1.041.932) þkr.	
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	581.827 þkr.
Fjármunatekjur (fjármagnsjöld)	(652.698) þkr.
Rekstrarniðurstaða	(70.871) þkr.

Bæjarráð samþykkir að vísa tillögu að frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar 2021 (2021-2024) til fyrri umræðu í bæjarstjórn samkvæmt 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig 2. mgr. 40. gr. um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013. Fyrri umræða í bæjarstjórn er fyrirhuguð fimmtudaginn 19. nóvember 2020.

6. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2024) - álagning gjalda.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir tillögu að álagningu gjalda samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Bæjarráð vísar tillögu að álagningu gjalda til afgreiðslu bæjarstjórnar.

7. 2006130 - Tillaga um álagningarhlutfall útsvars á árinu 2021.

Lögð fram eftirfarandi tillaga um álagningarhlutfall útsvars á árinu 2021.

"Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að álagningarhlutfall útsvars verði 13,70% á tekjur manna á árinu 2021 samkvæmt heimild í 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sbr. 24. gr. laganna. Samþykkt bæjarstjórnar skal tilkynnt fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir 15. desember 2020 samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga."

Bæjarráð vísar tillögu um álagningarhlutfall útsvars á árinu 2021 til afgreiðslu bæjarstjórnar.

8. 2011230 - Fjárhagsáætlun Sorpu og gjaldskrárbreytingar.

Rekstraráætlun Sorpu fyrir árið 2021-2025 er vísað til afgreiðslu fjárhagáætlunar.

Lagt fram minnisblað LMB Mandat lögmanna varðandi gjalddöku vegna meðhöndlunar úrgangs samkvæmt ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

9. 2010278 - Hraungata 40 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Melatúni ehf., kt. 711007-0750, leyfi til að byggja parhús að Hraungötu 40.

10. 2010277 - Hraungata 42 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Melatúni ehf., kt. 711007-0750, leyfi til að byggja parhús að Hraungötu 42.

11. 2009276 - Brekkuskógar 9 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Skarphéðni Kjartanssyni, kt. 080788-3049, leyfi til að taka í notkun óutgrafið rými í núverandi einbýlishúsi að Brekkuskógu 9.

12. 1812176 - Kinnargata 21 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita RK bygg ehf., kt. 560916-1830, leyfi til að byggja fjölbýlishús með sjö íbúðum að Kinnargötu 21.

13. 1911407 - Dýjagata 8 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Stefáni Pálmassyni, kt. 221181-3609, leyfi fyrir breytingum á teikningum einbýlishúss í byggingu að Dýjagötu 8.

14. 1804367 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis Vífilsstaðaland - þróunarsvæði B.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja samkvæmt 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu skipulagsnefndar að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Vífilsstaðalands - þróunarsvæði B. Tillagan var auglýst samhliða tillögum að nýju deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts, Vetrarmýrar, Rjúpnadalss og umhverfiskýrslu. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum. Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á auglýstri tillögu.

Tákn fyrir háspennustreng og helgunarsvæði strengsins bætt við inn á breytingarupprátt. Landnotkunartákn sett á Hnoðraholt fyrir iðnaðarsvæði vegna staðsetningar hitaveitugeyma Veitna. Ákvæði verði sett um að þeir séu niðurgrafnir að miklu leyti og lagaðir vel að aðliggjandi opnum svæðum og nálægri íbúðarbyggð.

15. 1910293 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Vetrarmýri samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi og umhverfiskýrslu. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á auglýstri tillögu.

Skipulagssvæðið er minnkað "jarðbrú" yfir Reykjanesbraut verður hluti af deiliskipulagi fyrir Reykjanesbraut sem unnið verður síðar. Bætt er við texta í kafla 2.3 um þetta atriði.

Í kafla 2.3 umhverfi er bætt er við texta um sjálfbær byggingarefni.

Í kafla 2.7.5 Sorpgeymslur og sorpflokkun er bætt er við texta um aðstæður og möguleika á sorpflokkun í djúpgámum

Í kafla 3.2 er bætt er texta um hæðarkóta.

Bætt er við nýjum kafla 3.7 Blöndun byggðar.

Í kafla 3.8 Hönnun og uppdrættir er bætt við ákvæði um auglýsingaskilti.

Bætt er við nýjum kafla 3.10 Framkvæmdir.

Bætt er við nýjum kafla 4.19 Yfirlit bygginga á deiliskipulagssvæðinu.

Safnbraut við hlíðarfót Hnoðrahólts er breytt í Sumarbraut sbr. samþykkt skipulagsnefndar 29.október 2020.

Á uppdrætti hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar.

Bætt hefur verið línu veghelgunarsvæðis Reykjanesbrautar.

Texta um hljóðvarnir er bætt við.

Með samþykkt deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulags Hnoðrahólts-og Vetrarmýrar sem samþykkt var Skipulagsstjóra ríkisins þann 17. apríl 1996

16. 1906192 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir norðurhluta Hnoðrahólts.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir norðurhluta Hnoðrahólts samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi og umhverfisskýrslu. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á auglýstri tillögu.

Götur fá götuheiti sbr samþykkt skipulagsnefndar 29.október sl.

Fjölbýlishúsum F-5 við austurhluta Vorbrautar með 47 íbúðum og 4 innkeyrslum er breytt í raðhús R-1, 4 raðhúslengjur við tvær botnlangagötur með 18 íbúðareiningum. Fjölbýlishús voru 2-3 hæðir en raðhús verða 2 hæðir.

Leiksvæði er bætt við austan við raðhúsin á móts við Þorrasali 13-15.

Fjölgað er stígatengingum frá stíg meðfram bæjarmörkum Kópavogs inn á stíga og gangstéttar í Þrymsölum og Þorrasölum í Kópavogi.

Ákvæði um að Vorbraut milli golfbrauta og fjölbýlishúsa við Þorrasali verði niðurgrafin eins og aðstæður leyfa bætt við. Útfærslum golfboltavarna vísað til deiliskipulags Golfvallarins.

Hnoðrahóltsbraut er breytt þannig að núverandi gata helst óbreytt en í stað tengingar að sunnan er hún framlengd upp á holtið til norðurs og tengist þar Vetrarbraut á hringtorgi. Heitið Vetrarbraut framlengist norður yfir holtið að Arnarnesvegi. Heiti núverandi Hnoðrahóltsbrautar í holtinu breytist í Hnoðraholt en heiti brautarinnar frá Karlabraut að Vetrarbraut heldur sér. Tengingar við Eskiholt, Hrísholt og Háholt verða áfram eins og þær eru í dag, þ.e. beint við Hnoðraholt.

Vetrarbraut er breikkuð í 4 akreinar til norðurs frá Þorraholti að Arnarnesvegi.

Í sérskilmálum fyrir fjölbýlishús F-1 og F2 er lengd uppbrota breytt úr 6m í 8m.

Með samþykkt deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulags Hnoðrahólts-og Vetrarmýrar sem samþykkt var Skipulagsstjóra ríkisins þann 17. apríl 1996

17. 1910294 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Rjúpnadal.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Rjúpnadal samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi og umhverfisskýrslu. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

- 18. 2010441 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðanna við Keldugötu 2 og 4.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðanna við Keldugötu 2-4 sem gerir ráð fyrir að lóðirnar sameinist í eina lóða.
- 19. 2010380 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi fyrirspurn um bílgeymslu neðanjarðar á lóðinni við Skeiðakur 1.**
Lögð fram.
- 20. 2011181 - Bréf Alþings varðandi tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu sveitarfélaga vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, 43. mál, dags. 11.11.20.**
Lagt fram.
- 21. 2011193 - Erindi Fjölskylduhjálpar Íslands varðandi framlag til matarsjóðs, dags. 11.11.20.**
Bæjarráð vísar erindinu til bæjarstjóra.
- 22. 2011176 - Útboð framkvæmda við uppbyggingu skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.**
Bæjarstjóri kynnti tillögu verkefnahóps um uppbyggingu og rekstur á skíðasvæðum um að hafna öllum tilboðum sem bárust í skíðalyftur, snjóframleiðslubúnað og borun vinnsluholu. Áfram verður unnið að framgangi málsins og gert er ráð fyrir að í fjárhagsáætlun sveitarfélaganna verði sambærileg framlög og áður.
- 23. 2011132 - Yfirlýsing baráttuhóps smærri fyrirtækja, einyrkja og sjálfstætt starfandi aðila í ferðaþjónustu til stjórnvalda, dags. 03.11.20.**
Lögð fram.
- 24. 2003318 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir starfsemi veitingahúss. (Flatey)**
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt og að opnunartími verði til kl. 22:00.
- 25. 2011220 - Bréf Stígamóta um framlag til starfseminnar árið 2021, dags. 09.11.20.**
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.
- 26. 2011221 - Bréf Garðakórsins, kórs eldri borgara í Garðabæ um styrk árið 2021, dags. 27.10.20.**
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.
- 27. 2011219 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.**
Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn.

„Hversu margir af þeim einstaklingum sem Garðabær veitir þjónustu á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir hafa fengið einstaklingsbundna þjónustuáætlun?

Í hve mörgum tilfellum er þjónustuáætlunin staðfest og undirrituð af fjölskyldusviði (miðað við þann 08/11/2020)?

Í hve mörgum tilfellum er þjónustuáætlunin staðfest og undirrituð af fulltrúum frá þjónustukerfum heilbrigðis- og menntamála (miðað við þann 08/11/2020)? „

Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara fyrirspurninni.

28. 2011215 - Tillaga Landsnets að matsáætlun vegna framkvæmda við Lyklafellslínu 1 og Ísallínu 1 - beiðni um umsögn.

Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

29. 2011134 - Bréf frá UMFÁ varðandi framkvæmdir á íþróttasvæði félagsins, dags. 09.11.20.

Bæjarráð vísar bréfunum til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.

Fleira ekki gert.,

Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send bæjarráðsfulltrúm og undirrituð með rafrænum undirskriftum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Skipulagsnefnd Garðabæjar
12. fundur 2020

Fimmtudaginn 12. nóvember 2020 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi og Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilstaðaland-rammahluti.

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Vífilstaðalands, Þróunarsvæðis B sem er sett fram sem rammahluti aðalskipulags. Innan skipulagssvæðisins er m.a. gert ráð fyrir miðsvæði með blandaðri byggð í góðum tengslum við nálæga íþróttastarfsemi og almenningssamgöngur. Alls er gert ráð fyrir 2.000 -2.400 íbúðum á svæðinu, samfélagsþjónustu, íþróttastarfsemi, útivistarsvæðum og náttúruverndarsvæði. Lögð er áhersla á vistvænar samgöngur og fjölbreytt útivistarsvæði í góðum tengslum við nálæga byggð og starfsemi. Gert er ráð fyrir að lega Elliðavatnsveggar verði færð fjær Vífilstaðavatni og útivistarsvæði umhverfis vatnið gefið aukið vægi. Klassískt yfirbragð og sterk sjónræn nærvera Vífilstaðaspítala er eitt af megin kennileitum svæðisins og er gert hátt undir höfði m.a. Vífilstaðaás, stíg í trjágöngum, sem framlengist frá miðju Vífilstaðaspítala upp hlíðar Hnoðrahólts. Tillagan var í auglýsingu í samræmi við 1. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 11. júní til og með 7. september 2020. Almennur kynningarfundur var haldinn 27. ágúst og var hann gagnvirkur fjarfundur á Facebook vegna samkomutakmarkana kórónufaraldursins. Samhliða var auglýst tillaga að umhverfisskýrslu samkvæmt 7. gr. laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006. Samhliða voru auglýstar tillögur að deiliskipulagi Hnoðrahólts norður, Vetrarmýrar og Rjúpnadal.

Lagðar fram innsendar athugasemdir og umsagnir.

Lagðar fram tillögur að svörum við innsendum athugasemdum og umsögnum.

Skipulagsnefnd samþykkir eftirfarandi breytingar/lagfæringar á auglýstri tillögu:

Tákn fyrir háspennustreng og helgunarsvæði strengsins bætt við inn á breytingaruppdrátt.

Landnotkunartákn sett á Hnoðraholt fyrir iðnaðarsvæði vegna staðsetningar hitaveitugeyma Veitna. Ákvæði verði sett um að þeir séu niðurgrafnir að miklu leyti og lagaðir vel að aðliggjandi opnum svæðum og nálægri íbúðarbyggð.

Skipulagsnefnd samþykkir aðalskipulagsbreytinguna með ofangreindum breytingum/lagfæringum í samræmi við 32. grein Skipulagslaga nr. 123/2010 ásamt

umhverfisskýrslu í samræmi við lög um mat á umhverfisáætlunum áætlana nr.105/2006.

2. 1906192 - Hnoðraholt norður deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Hnoðraholt norður sem gerir ráð fyrir 419 fjölbreyttum íbúðareiningum og 20.000 m² atvinnuhúsnæðis. Alls 124.879 m². Tillagan var í auglýsingu í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/201 frá 11.júní til og með 7.september 2020. Almennur kynningarfundur var haldinn 27.ágúst og var hann gagnvirkur fjarfundur á Facebook vegna samkomutakmarkana kórónufaraldursins. Samhliða var auglýst tillaga að umhverfisskýrslu samkvæmt 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Tillagan var auglýst samhliða tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar sem náði til Þróunarsvæðis B, Vífilsstaðalands og deiliskipulagi Vetrarmýrar.

Lagðar fram innsendar athugasemdir og umsagnir.

Lagðar fram tillögur að svörum við innsendum athugasemdum og umsögnum.

Skipulagsnefnd samþykkir eftirfarandi lagfæringar á auglýstri tillögu:

1. Götur fá götuheiti sbr samþykkt skipulagsnefndar 29.október sl.
2. Fjölbýlishúsum F-5 við austurhluta Vorbrautar með 47 íbúðum og 4 innkeyrslum er breytt í raðhús R-1, 4 raðhúslengjur við tvær botnlangagötur með 18 íbúðareiningum. Fjölbýlishús voru 2-3 hæðir en raðhús verða 2 hæðir.
3. Leiksvæði er bætt við austan við raðhúsin á móts við Þorrasali 13-15.
4. Fjölgað er stígatengingum frá stíg meðfram bæjarmörkum Kópavogs inn á stíga og gangstéttar í Þrymsölum og Þorrasölum í Kópavogi.
5. Ákvæði um að Vorbraut milli golfbrauta og fjölbýlishúsa við Þorrasali verði niðurgráfin eins og aðstæður leyfa bætt við. Útfærslum golfboltavarna vísað til deiliskipulags Golfvallarins.
6. Hnoðraholtbraut er breytt þannig að núverandi gata helst óbreytt en í stað tengingar að sunnan er hún framlengd upp á holtið til norðurs og tengist þar Vetrarbraut á hringtorgi. Heitið Vetrarbraut framlengist norður yfir holtið að Arnarnesvegi. Heiti núverandi Hnoðraholtbrautar í holtinu breytist í Hnoðraholt en heiti brautarinnar frá Karlabraut að Vetrarbraut heldur sér. Tengingar við Eskiholt, Hrísholt og Háholt verða áfram eins og þær eru í dag, þ.e. beint við Hnoðraholt.
7. Vetrarbraut er breikkuð í 4 akreinar til norðurs frá Þorraholti að Arnarnesvegi.
8. Í sérskilmálum fyrir fjölbýlishús F-1 og F2 er lengd uppbrota breytt úr 6m í 8m.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagið með ofangreindum breytingum/lagfæringum í samræmi við 3.mgr.41.greinar Skipulagslaga nr.123/2010 ásamt umhverfisskýrslu í samræmi við lög um mat á umhverfisáætlunum áætlana nr.105/2006.

Skipulagsnefnd samþykkir niðurfellingu deiliskipulags Hnoðraholt og Vetrarmýrar sem samþykkt var Skipulagsstjóra ríkisins þann 17.apríl 1996 m.s.br. við gildistöku hins nýja deiliskipulags.

3. 1910293 - Vetrarmýri, dsk blandaðrar byggðar.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Vetrarmýrar sem gerir ráð fyrir blandaðri byggð með allt að 658 íbúðum og 37.014 m² húsnæðis fyrir verslun og þjónustu og 41.009 m² íþróttahúsnæðis. Alls 197.559 m². Tillagan var í auglýsingu í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/201 frá 11.júní til og með 7.september 2020. Almennur kynningarfundur var haldinn 27.ágúst og var hann gagnvirkur fjarfundur á Facebook vegna samkomutakmarkana kórónufaraldursins. Samhliða var auglýst tillaga að umhverfisskýrslu samkvæmt 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Tillagan

var auglýst samhliða tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar sem náði til Þróunarsvæðis B, Vífilsstaðalands og tillögu að deiliskipulagi Hnoðrahólts norður. Lagðar fram innsendar athugasemdir og umsagnir.

Lagðar fram tillögur að svörum við innsendum athugasemdum og umsögnum.

Skipulagsnefnd samþykkir eftirfarandi breytingar/lagfæringar á auglýstri tillögu:

1. Skipulagssvæðið er minnkað "jarðbrú" yfir Reykjanesbraut verður hluti af deiliskipulagi fyrir Reykjanesbraut sem unnið verður síðar. Bætt er við texta í kafla 2.3 um þetta atriði.

2. Bætt er við í kafla 2.3 Umhverfi, texta um sjálfbær byggingarefni.

3. Bætt er við texta í kafla 2.7.5.

4. Bætt er við nýjum kafla 3.7 Blöndun byggðar.

5. Í kafla 3.8 Hönnun og uppdrættir er bætt við setningu um auglýsingaskilti.

6. Bætt er við nýjum kafla 3.10 Framkvæmdir.

7. Ákvæði um hæðarkóta hverrar hæðar í háhýsum verði leiðbeinandi.

8. Safnbraut við hlíðarfót Hnoðrahólts breytt í Sumarbraut sbr.samþykki skipulagsnefndar 29.október sl.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagið með ofangreindum breytingum í samræmi við 3.mgr.41.greinar Skipulagslaga nr.123/2010 ásamt umhverfisskýrslu í samræmi við lög um mat á umhverfisáætlunum áætlana nr.105/2006.

Skipulagsnefnd samþykkir niðurfellingu deiliskipulags Hnoðrahólts-og Vetrarmýrar sem samþykkt var Skipulagsstjóra ríkisins þann 17.apríl 1996 m.s.br. við gildistöku hins nýja deiliskipulags.

4. 1910294 - Rjúpnadalur, dsk kirkjugarðs og meðferðarstofnunar.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Rjúpnadals sem gerir ráð fyrir 3,8 ha kirkjugarði, 1 ha minningargarði fyrir duftker,lóð fyrir þjónustuhús, lóð fyrir bálfararstofu og lóð fyrir meðferðarstofnun Barnaverndarstofu. Tillagan var í auglýsingu í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/201 frá 11.júní til og með 7.september 2020. Almennur kynningarfundur var haldinn 27.ágúst og var hann gagnvirkur fjarfundur á Facebook vegna samkomutakmarkana kórónufaraldursins. Samhliða var auglýst tillaga að umhverfisskýrslu samkvæmt 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Tillagan var auglýst samhliða tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar sem náði til Þróunarsvæðis B, Vífilsstaðalands.

Lagðar fram umsagnir og athugasemdir sem borist hafa.

Lagðar fram tillögur að svörum við innsendum athugasemdum og umsögnum.

Skipulagsnefnd samþykkir eftirfarandi lagfæringar á auglýstri tillögu:

Götuheiti færð inn á uppdrátt í samræmi við samþykkt skipulagsnefndar þann 29.október síðastliðinn.

Dagsetningar uppfærðar.

Umsagnir og athugasemdir gefa ekki tilefni til frekari breytinga á tillögunni.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagið með ofangreindum breytingum/lagfæringum í samræmi við 3.mgr.41.greinar Skipulagslaga nr.123/2010 ásamt umhverfisskýrslu óbreytta í samræmi við lög um mat á umhverfisáætlunum áætlana nr.105/2006.

5. 1912107 - Hraunhólar 8, breyting á deiliskipulagi Hraunholts eystra

Skipulagsstjóri leggur til við skipulagsnefnd að unnin verði tillaga að deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir skiptingu lóða við Hraunhóla að sunnanverðu með líkum hætti og gert var við Hraunhóla nr.12.

Skipulagsnefnd felur skipulagstjóra að vinna tillögu sem lögð verði fram í skipulagsnefnd.

6. 2007640 - Frjóakur 9 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að óverulegri deiliskipulagsbreytingu að lokinni grenndarkynningu ásamt athugasemdum sem borist hafa. Vísað til skoðunar og úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði.

7. 2010380 - Skeiðakur 1 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn um útfærslu á neðanjarðarbilgeymslu á lóð með lyftubúnaði. Tillagan er um margt athyglisverð sem þarfnast ítarlegri útfærslu m.a. með tilliti til öryggissjónarmiða og byggingarreglugerðar. Innkeyrslan myndi kalla á skerðingu á grænu svæði í götu.

Svar skipulagsnefndar er neikvætt.

8. 2010451 - Kirkjulundur 17 - Umsókn um byggingarleyfi

Umsókn um byggingarleyfi lögð fram sem gerir m.a. ráð fyrir brennsluofni fyrir dýrahæ ásamt skorsteini og stæði fyrir metangasgeyma.

Vísað til frekari skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

9. 2010441 - Keldugata 2, dsk br Urr.vesturhluti

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir að lóðirnar Keldugata 2 og Keldugata 4 sameinist í eina lóð með einum byggingarreit sem verður eins og nú er að Keldugötu 2. Heildarfjöldi íbúða yrði sá sami eða 9 íbúðir en nú í einu húsi.

Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfundar sem er jákvæð.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni í auglýsingu í samræmi við 1.mgr.41.greinar

Skipulagslaga. Senda skal dreifibréf í aðliggjandi hús og athygli vakin á auglýsingunni.

10. 2007072 - Vinnureglur um vegg og girðingar

Lögð fram drög að samþykkt um vegg og girðingar í Garðabæ. Lögð er áhersla á að gefa íbúum kost á að gefa íbúum Garðabæjar kost á að koma með ábendingar við reglurnar þegar drög að þeim liggja endanlega fyrir.

Vísað til úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði.

11. 2011047 - Endurskoðun Aðalskipulags Hafnarfjarðar. Skipulagslýsing. Matslýsing

Lögð fram skipulags-og matslýsing vegnar gerðar á nýju Aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Vísað til tækni-og umhverfissviðs og aðalskipulagsráðgjafa að vinna umsögn um lýsinguna fyrir hönd Garðabæjar.

12. 2011013F - afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 13

Fundargerð lögð fram.

12.1 2009276 - Brekkuskógar 9 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi sem vísað var til grenndarkynningar. Lögð fram gögn þar sem eigendur eigna sem grenndarkynning náði til hafa með áritun sinni lýst því yfir að þeir gera ekki athugasemd við tillöguna. Með vísan í 3.mgr.44.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 er tímabil grenndarkynningar hér með stytta og skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að byggingarleyfið verði veitt.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

12.2 2010462 - Blikanes 22 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Arnarness sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits til norðausturs vegna viðbyggingar við norðurálmú íbúðarhúss. Skipulagsstjór metur breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Arnarness í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum Blikaness 19,20,21 og 24 sem og Tjaldaness 17. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

12.3 2007070 - Seinakur 8 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Akralands sem vísað var til grenndarkynningar. Lögð fram gögn þar sem eigendur eigna sem grenndarkynning náði til hafa með áritun sinni lýst því yfir að þeir gera ekki athugasemd við tillöguna. Með vísan í 3.mgr.44.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 er tímabil grenndarkynningar hér með stytta og tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting deiliskipulags Akralands. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

12.4 2006442 - Smádreifistöð við Maltakur

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulagi Íþróttu og skólasvæðis við Skólabraut sem vísað hefur verið til grenndarkynningar. Tillagan gerir ráð fyrir lóð og byggingarreit fyrir smádreifistöð Veitna. Lagt fram erindi frá skólameistara Fjölbrautarskólans í Garðabæ þar sem fram kemur að skólinn geri ekki athugasemd við tillöguna. Með vísan í 3.mgr.44.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 er tímabil grenndarkynningar hér með stytta og tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting deiliskipulags Íþróttu og skólasvæðis við Skólabraut. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

12.5 2007134 - Holtsvegur 53 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir nokkrum smærri atriðum sem ekki er í samræmi við deiliskipulag. Í umsögn deiliskipulagshöfundar kemur fram að um minniháttar frávik sé að ræða. Með vísan í umsögn deiliskipulagshöfundar gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað þessi atriði varðar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

12.6 2010484 - Kinnargata 31-33 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram fyrirspurn hönnuðar um þakform og stöðu þess gagnvart deiliskipulagi. Vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar og Urriðaholts ehf.

12.7 2007394 - Mariugata 31-37 breytingar á raðhúsi - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Eigandi lóðarinnar hefur óskað eftir því að deiliskipulagsbreytingin verði afturkölluð. Skipulagsstjóri fellst á það.

12.8 2011173 - Víkurgata 1-7, dsk breyting

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram fyrirspurn um fjölgun íbúða við Víkurgötu 1-7 um eina. Vísað til umsagnar hjá deiliskipulagsráðgjafa og Urriðaholti ehf.

12.9 2011067 - Breyting á deiliskipulag Hafnarfjarðarvegar frá Vífilsstaðavegi að Lyngási. Hjólaskýli.

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hafnarfjarðarvegar sem gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir hjólaskýli og biðskýli við stoppistöð Strætó hjá Ásgarði. Einnig er gert ráð fyrir að stígur meðfram Hafnarfjarðarvegi falli út en það er gert til að hlífa trjábelti sem þar er til staðar. Stígurinn verður hinsvegar sunnanmegin við trjábeltið og þá inni á deiliskipulagssvæði Ásgarðs. Það deiliskipulag gerir ráð fyrir gangstétt meðfram bílastæði þannig að umferð verður beint um þá gangstétt.

Skipulagsstjóri metur breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Hafnarfjarðarvegar í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar. Grendarkynna skal eigendum Bitabæjar, stjórnendum Garðaskóla, Vegagerðinni og Strætó.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
24. fundur 2020

Fimmtudaginn 12. nóvember 2020 kl. 08:15 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Erna Ingibjörg Pálsdóttir fulltrúi skólastjóra, Elín Jóhannsdóttir fulltrúi foreldra, Silja Kristjánsdóttir fulltrúi kennara og Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2010508 - Eineltisáætlanir

Kjörnum fulltrúum leikskólanefndar er boðið að sitja sem gestir og áheyrnarfulltrúar á fundinum til að ræða fyrsta lið þ.e. Eineltisáætlanir. Fundarmenn eru sammála um að einelti á aldrei að líðast. Tryggja þurfi að forvarnir, samstillt átak og árangursríkir vinnuferlar varðandi einelti séu sannarlega til staðar í bæjarfélaginu. Fræðslusviði er falið að fara yfir eineltis- og forvarnaráætlanir.

2. 2010052 - Kórónaveira-COVID 19

Farið yfir stöðuna og fyrirkomulag í grunnskólum Garðabæjar eftir að reglugerð um takmörkun á skólastarfi tók gildi þann 3. nóvember 2020. Skólanefnd þakkar skólafólki fyrir lausnarmiðun og þrautseigju.

3. 2010509 - Viðmið um flýtingar og seinkanir barna milli árganga í grunnskólum

Tillögur um viðmið um flýtingar og seinkanir barna á milli árganga í grunnskólum og viðmið um flýtingar á lokum náms við grunnskóla ræddar og samþykktar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
27. fundur 2020

Miðvikudaginn 11. nóvember 2020 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufræðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1912201 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 4. Stígakerfi í Upplandi

Skipulagsstjóri og Þráinn Hauksson skipulagshönnuður fóru yfir tillögur af breytingum á stígum í upplandi Garðabæjar.

2. 2010116 - Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnisflutninga.

Lögð fram umsókn Urriðaholts ehf og Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa um framkvæmdaleyfi fyrir losun 49.500 m³ jarðefnis úr Urriðaholti á svæði í norðvesturhorni golfvallarsvæðis. Umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við þessa efnisflutninga.

3. 2011133 - Ársskýrsla Skógræktarfélags Reykjarvíkur 2019

Lagt fram.

4. 2010187 - Starfsskýrsla skógræktarfélags Garðabæjar

Lagt fram.

Bókun

Við í Garðabæjarlistanum lýsum ánægju okkar yfir starfsskýrslu skógræktarfélagsins og því mikla og góða starfi sem félagið hefur unnið frá stofnun. Það fólk sem hér hefur lagt hönd á plóg á allan heiður skilið. Við tökum heilshugar undir óánægju stjórnar að golfvöllur sé skipulagður inn í skóginn í Smalaholti. Á svæðinu sem ætlað er undir golfvöll samkvæmt skipulagi er í dag elsti og gróskumesti skógur svæðisins. Gróðursetning skógarins hófst á þessu svæði 1989.

Skógurinn er ómetanlegt útivistarsvæði með vel skipulögðum og úthugsuðum gönguleiðum, þar sem hægt er að ganga í svo til hvaða veðri sem er. Það er sorglegt til þess að vita að gönguieiðir og stór hluti skógarins eiga að fara undir golfvöll samkvæmt nýju skipulagi. Átta menn sig á hverju þeir eru að fórna? Það þarf líka pláss fyrir göngufólk og þá sem stunda ekki golf.

Hafa bæjaryfirvöld látið gera gróðurmat á svæðinu til að átta sig á kostnaði við verkefnið? Ef ekki, er það ekki tímabært?

Nú á dögum loftslagsbreytinga þegar leitað er allra leiða til að draga úr áhrifum gróðurhúsalofttegunda, áformar Garðabær að höggva niður skóg.

Við leyfum okkur að vona að þessi ákvörðun verði endurhugsuð.

5. 2010239 - Ársskýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands 2019

Lagt fram.

6. 2005408 - Mengunarmælingar 2020

Lagt fram. Áfram verður fylgt aðgerðaráætlun.

7. 2010241 - Sporið - útivistarverkefni

Umhverfisnefnd tekur jákvætt í beiðnina og óskar eftir nánu samstarfs milli starfsmanna Tækni- og umhverfissviðs, íþróttá og forvarnarfulltrúa við Sporið um val á leiðum að aðferðum við framkvæmdir. Sumir þessara stíga liggja inná friðlandi og þá þarf að upplýsa Umhverfisstofnun.

8. 2011149 - Strandverðir Íslands -

Umhverfisnefnd tekur jákvætt í verkefnið og mun taka þátt í að auglýsa upp verkefnið með hreinsunarátaki Garðabæjar.

9. 1911396 - Loftlagsstefna Garðabæjar

Deildastjóri umhverfis og framkvæmda greindi frá vinnu við gerð verkfærakistu til sem ætlað er að efla og styðja íslensk sveitarfélög til að vinna aðgerðamiðaða stefnumótun í loftslagsmálum, fylgja henni eftir og vakta árangur sinn. Sveitarfélög munu einnig geta kortlagt árangursríkar aðgerðir til að draga úr losun frá sínum rekstri.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.



FUNDARGERÐ STJÓRNAR

436. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, fimmtudaginn 22. október 2020. Fundurinn er settur klukkan 14:02. Fundurinn er fjárfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Gestur á fundinum er Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður og ráðgjafi stjórnar & framkvæmdastjóra.

Tekið fyrir:

1. Staða og horfur í rekstri og fjárfestingum

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu og horfum í rekstri og fjárfestingum SORPU.

2. Fjárhagsáætlun 2021

Stjórn samþykkir framlagða starfs- og fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2021 og fimm ára áætlun fyrir árin 2021 til 2025 og gjaldskrárbreytingar sem eiga að taka gildi þann 1. janúar 2021. Stjórn felur framkvæmdastjóra að koma henni til kynningar og afgreiðslu á eigendafundi eins og eigendastefna félagsins gerir ráð fyrir og jafnframt senda hana til aðildarsveitarfélaga félagsins eins og starfsreglur stjórnar kveða á um.

Stjórn SORPU bs. hefur samþykkt fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun SORPU bs á grundvelli forsendna eigenda og tillögu um gjaldskrárbreytingar og fjármögnun félagsins.

Á þessum grundvelli veitir stjórn framkvæmdastjóra heimild til að óska eftir og semja við Íslandsbanka hf. um fjármögnun fjárhagsáætlunar félagsins ásamt því að undirrita lánasamninga tengdu því. Um er að ræða framlengingu á 1.100 milljóna króna yfirdrátarheimild fram til 31.12.2021.

Jafnframt er lagt til að framkvæmdastjóra verði falið að afla nauðsynlegra heimilda og ábyrgða frá eigendum SORPU bs.

Stjórn veitir framkvæmdastjóra einnig heimild til að óska eftir og semja við lánastofnun um 300 milljóna króna lán í tengslum við fjármögnun fjárhagsáætlunar félagsins og undirritun lánasamninga tengdu því.

3. [TRÚNAÐARMÁL]

4. Kynningarferli vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur

Framkvæmdastjóri kynnir fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur og hugsanleg áhrif þeirra á starfsemi SORPU. Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirbúa umsögn um breytingartillögurnar.



5. Starfsleyfi GAJA gefið út

Starfsleyfi er lagt fram undir lið 1.

6. Ráðningarferli framkvæmdastjóra

Formaður og framkvæmdastjóri kynna auglýsingu um starf framkvæmdastjóra fyrir samlagið. Stjórn felur framkvæmdastjóra að birta auglýsinguna eins fljótt og auðið er. Formaður og framkvæmdastjóra er falið að hafa yfirumsjón með ráðningarferlinu.

7. Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um drögum að samkomulagi SORPU við Héðinn vélsmiðju. Stjórn samþykkir með fyrirvara um samþykka fjárhagsáætlun félagsins.

8. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar er boðaður fimmtudaginn 12. nóvember 2020 klukkan 14:15.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 15:46 22. október 2020.

Fulgild rafræn undirskrift

BIRKIR JÓN JÓNSSON
Kennitala: 240779-5289
2020-11-09 14:28:16 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fulgild rafræn undirskrift

ÁGÚST BJARNI GARBARSSON
Kennitala: 290987-2539
2020-11-13 14:05:46 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fulgild rafræn undirskrift

BJARNI TORFI ÁLFÞÓRSSON
Kennitala: 080560-3709
2020-11-05 12:16:09 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fulgild rafræn undirskrift

JÓNA SÆMUNSDÓTTIR
Kennitala: 190358-2169
2020-11-05 14:55:29 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fulgild rafræn undirskrift

KOLBRÚN G ÞORSTEINSDÓTTIR
Kennitala: 190867-5369
2020-11-05 20:04:29 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fulgild rafræn undirskrift

LÍF MAGNEUDÓTTIR
Kennitala: 130874-6069
2020-11-06 14:03:16 GMT
Ástæða: Undirskrift

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

330. fundur

Föstudaginn 6. nóvember 2020 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn sem var fjarfundur hófst kl. 11:00.

Mætt voru

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI), öll á fjarfundi.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs.

Dagskrá fundar:

1. Árshlutareikningur 30. september 2020.
2. Fjárhags- og starfsáætlun 2021 – 2025.
3. Leiðakerfisbreytingar á leið 6, 7 og 18.
4. Farþegatalningar.
5. Önnur mál
 - a. Stjórnsýsla byggðasamlagana.
 - b. Rekstraráætlun nýs leiðanets – staðan.
 - c. Erindi frá umhverfis- og samgönguráði Hafnarfjarðar varðandi vagnastærð á leið 19.

Tekið fyrir:

1. Árshlutareikningur 30. september 2020

Framkvæmdastjóri Strætó lagði fram og kynnti níu mánaða uppgjör félagsins. Árshlutauppgjörið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins. Rekstrarafkoma fyrstu níu mánaða ársins er undir áætlun sem nemur um 206 m.kr. Tekjur eru um 522 lægri en áætlun gerði ráð fyrir og skýrist að öllu leyti af Covid 19 heimsfaraldrinum. Rekstrargjöld eru um 200 mkr. lægri en áætlun sem skýrist af aðhaldsaðgerðum sem gripið hefur verið til á árinu 2020.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfestu árshlutareikning Strætó bs. 30. september 2020 með undirritun sinni

2. Fjárhags- og starfsáætlun 2021 - 2025

Áframhaldandi umfjöllun um fjárhags- og starfsáætlun Strætó bs. 2021-2025.

Á eigendafundi Strætó bs. 23. október 2020 kynntu stjórn og framkvæmdastjóri spá stjórnar um rekstrarafkomu ársins 2020, áætlaða sjóðsstöðu í árslok 2020 og fyrirliggjandi drög að fjárhags- og starfsáætlun Strætó 2021-2025. Eigendavettvangur var sammála um að áætlunin sé lögð fram til sveitarfélaganna en vakti jafnframt athygli á að viðræðum við ríkið um rekstrarvanda Strætó bs. vegna Covid 19 er ekki lokið. Stefnt er að því þeim viðræðum ljúki ekki síðar en 25. nóvember n.k.

Frá eigendafundinum þann 23. október sl. hefur sjóðsstreymisáætlun Strætó breyst þar sem áfangagreiðsla til FARA AS vegna rafræns greiðslukerfis frestast fram á næsta ár.

Fjárfestingarkostnaður 2020 lækkar þar með um 100 m.kr. og breytist fjárfestingaráætlun Strætó 2021 til samræmis við það.

Stjórn Strætó samþykkir að fyrirbyggjandi drög að fjárhags- og starfsáætlun Strætó bs. 2021-2025 sé lögð fram til aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins.

3. Leiðakerfisbreytingar á leið 6, 7 og 18

Sólrún Svava Skúladóttir, leiðarkerfissérfræðingur hjá Strætó, kynnti fyrirhugaðar breytingar á leiðum 6, 7 og 18 ásamt kostnaðarútreikningi. Ekki er gert ráð fyrir að heildarkostnaður vegna breytinganna verði meiri en núverandi kostnaður er. Lagt er til að breytingin taki gildi sumarið 2021.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um breytingar á leið 6, 7 og 18.

4. Farþegatalningar

Sólrún Svava Skúladóttir, leiðakerfissérfræðingur hjá Strætó, kynnti tölfræði farþegatalninga það sem af er ári 2020.

5. Önnur mál

- a) Endurskoðun á skipulagi og stjórnarháttum um stjórnarsýslu byggðasamlaga sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins.

Umræður urðu um verkþætti sem í skoðun eru hjá framkvæmdastjóra í tengslum við endurskoðunina og hvernig aðkoma Strætó bs. er að verkefninu.

Framkvæmdastjóra var falið að óska eftir því að framkvæmdastjóri SSH komi á fund stjórnar og kynni stöðu verkefnisins.

- b) Rekstraráætlun almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Framkvæmdastjóri kynnti vinnu starfshóps um rekstraráætlun nýs leiðanets.

- c) Breytingar á leiðakerfi Strætó í Hafnarfirði.

Lagt var fram erindi frá umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar, dags. 29.10.2020. Framkvæmdastjóra var falið að vera í sambandi við bréfitara vegna erindisins.

Fundi slitið kl. 12:45.

Fylgiskjöl:

- Árshlutareikningur Strætó 30.09.2020.
- Fjárhags- og starfsáætlun Strætó 2021 – 2025.
- Minnisblað um leiðakerfisbreytingar.

Hjálmar Sveinsson

Gunnar Valur Gíslason

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð 95. fundar svæðisskipulagsnefndar

95. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 25. september 2020 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi og á fjarfundi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011:

Reykjavík:

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Kópavogsbær:

Helga Hauksdóttir

Bergljót Kristinsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ólafur Ingi Tómasson

Daði Lárusson

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson

Harpa Þorsteinsdóttir

Mosfellsbær:

Ásgeir Sveinsson

Sveinn Óskar Sigurðsson

Seltjarnarnesbær:

Ragnhildur Jónsdóttir

Karen María Jónsdóttir

Kjósarhreppur:

Marianna Huguína Helgadóttir

Formaður, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, setti fund og stýrði.

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Nýtt samgöngulíkan fyrir höfuðborgarsvæðið - kynning

Kynnt staða vinnu við gerð nýs samgöngulíkans fyrir höfuðborgarsvæðið.

Albert Skarphéðinsson frá verkfræðistofunni Mannvit tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Nýtt aðalskipulag Kópavogs 2019 – 2031+, vinnslutillaga, málsnr. 2007002

Lögð fram vinnslutillaga að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019 – 2031+, greinargerð dags. 3. – 7. júlí 2020 og skipulagsuppráttur dags. 2. júlí 2020, ásamt fylgigögnum og bréf dags. 10.07.2020.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við vinnslutillögu.

Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í svæðisskipulagi koma fram ýmiss markmið og aðgerðir sem vísað er til útfærslur í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga.



Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í svæðisskipulagi koma fram viðmið um einkenni bæjarkjarna í töflu 2, sem sveitarfélög þurfa að útfæra nánari í aðalskipulagi.

Svæðisskipulagsnefnd bendir á að fjögurra ára þróunaráætlun um íbúðaruppbyggingu og aðra uppbyggingu er í vinnslu hjá SSH. Fyrstu tölur um áætlaða íbúðaruppbyggingu sveitarfélaganna til næstu fjögurra ára verða tilbúnar til rýni innan skamms og gætu þær kallað á endurskoðun varðandi áætlaða íbúðaruppbyggingar í tillögu að nýju aðalskipulagi Kópavogs.

3. Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Tvöföldun Reykjanesbrautar, málsnr. 2007001

Lögð fram skipulagslýsing dags. mars 2020 fyrir breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar og bréf dags. 6.7.2020. Breytingin varðar tvöföldun Reykjanesbrautar.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við skipulagslýsingu.

4. Undirbúningur að friðlýsingu. Menningar og búsetuland við Þerneyjarsund í Þerney og á Álfsnesi, málsnr. 1712001

Lagt fram bréf Minjastofnunar Íslands dags. 8. júlí 2020 þar sem lýst er ákvörðun stofnunarinnar að hefja undirbúning tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra að friðlýsa menningar- og búsetulandslags við Álfsnes.

Afgreiðsla

Lagt fram

10 fulltrúar svæðisskipulagsnefndar Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Helga Hauksdóttir, Bergljót Kristinsdóttir, Ólafur Ingi Tómasson, Daði Lárusson, Sigurður Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Ásgeir Sveinsson, Ragnhildur Jónsdóttir og Karen María Jónsdóttir bóka eftirfarandi:

Markmið með breytingu á svæðisskipulagi er að geta boðið upp á land fyrir efnisvinnslusvæði vegna mannvirkjagerðar sem næst þéttbýlinu á höfuðborgarsvæðinu. Landið þarf að vera við sjó, sem næst efnistökusvæðum á hafsbotni og bjóða upp á aðgengi að höfn. Stuttar akstursvegalengdir leiða til minni útblásturs gróðurhúsalofttegunda og minna slits á vegum, auk lægri flutningskostnaðar. Þá er mikilvægt að hægt sé að bjóða upp á svæði fyrir fyrirtæki sem hefur verið í rekstri á höfuðborgarsvæðinu en þarf að flytja út fyrir núverandi þéttbýli vegna nýrrar byggðar á þéttingarsvæðum. Breytingin byggir á kostamati þar sem bornir voru saman fjölmargir valkostir um staðsetningu fyrir þessa starfsemi. Komið hefur verið til móts við athugasemdir Minjastofnunar sem bárust fyrr í ferlinu.

Sveinn Óskar Sigurðsson bókar eftirfarandi:

Hvers vegna voru vaxtamörkin áður ákvörðuð án þess að minjaheildin á Álfsnesi væri þar innan svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015-2040? Hefur verið litið í ferlinu til þeirra sjónarmiða sem m.a. hafa komið fram með áréttingum í bókunum á fundum svæðisskipulagsnefndar vegna þessa máls og í erindum frá Minjastofnun Íslands sem borist hafa nefndinni? Það er greinilegt að þessi sjónarmið hafa hvorki verið nægjanlega reifuð og rædd innan nefndarinnar né utan hennar.

Ekki virðist hafa verið litið til sjónarmiða Mosfellsbæjar sem lesa má úr bókunum bæjarfélagsins í ferli málsins. Ekki er annað séð en að breytt vaxtamörk hafi auðveldað uppbyggingu iðnaðarsvæðis og



Þannig vikið frá upphaflegum mörkum án þess að það hafi lokið með fullnægjandi umræðu áður en breytingar urðu gerðar og framkvæmdaleyfi veitt af hálfu Reykjavíkurborgar.

Í 1. mgr. 21. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ásamt síðari breytingum segir: „Svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna þeirra um byggðapróun og þá þætti landnotkunar sem þörf er talin á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga. Staðbundnar ákvarðanir um landnotkun skulu eingöngu teknar í svæðisskipulagi að því marki sem nauðsyn þykir til að tryggja sameiginlega hagsmuni hlutaðeigandi sveitarfélaga, til að útfæra landsskipulagsstefnu á hlutaðeigandi svæði eða vegna nauðsynlegrar samræmingar landnotkunar í fleiri en einu sveitarfélagi.“

Nánar er kveðið á um ferlið sem fara á í við stækkun vaxtamarka og þannig svæðisskipulagsins í 22. – 25. gr. skipulagslaga. Formaður svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins 2014-2018 segir m.a. í inngangi að útgáfu svæðisskipulagsins (Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-204, SSH, 2015) segir hann m.a.: „Að baki skipulagsins liggur mikill fagleg og þverpólítísk vinna. Það byggir á ítarlegu umhverfismati, mannfjöldaspám, greinargerðum um vatnsvernd, íbúðþingi, sviðsmyndagreiningu, umferðamati, ferðavenjukönnunum og mati á ferðavenjum, greinargerð um hagkerfi og greinargerð um náttúru og útivist.“

Ekki er séð að þetta ferli vegna stækkun vaxtamarka yfir minjasvæði á Álfsnesi hafi verið kynnt með sama hætti og að framan greinir. Lýðræðisleg þátttaka almennings í ferlinu var því hunsuð. Breyting vaxtamarka fellur undir hæsta stig hvað svæðisbundið mikilvægi varðar sem kallar á ítarlega almenna umræðu, yfirgripsmikla kynningu til almennings og viðtækt samráð. Ekki er séð að því hafi verið fylgt í þessu máli og því er þetta mál stutt í þeim sporum í dag sem það og er illu heilli.

Marianna Huguóun Helgadóttir situr hjá.

5. **Breyting á aðalskipulagi Mosfellsbæjar. Stækkun landbúnaðarlands við Dalland, málsnr. 2003003**
Lögð fram verkefnislýsing dags. júní 2020 vegna breytingar á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011 – 2030 og bréf dags. 03.07.2020.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við skipulagslýsingu.

Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í svæðisskipulagi koma fram ýmiss markmið og aðgerðir sem varða aðbúnað landbúnaðarlands, þ.á.m. markmið 1.3 og aðgerð 1.3.3 og markmið 4.3.

6. **Aðalskipulag Reykjavíkur. Sértek búsetuúrræði, málsnr. 2006008**
Lögð fram tillaga að breytingu dags. maí 2020 á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030 varðandi sérstök búsetuúrræði innan mismunandi landnotkunarsvæða aðalskipulagsins, .m.a. varðandi húsnæðislausnir fyrir heimilislaua og bréf. dags. 16.9.2020.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við tillögu.

Sveinn Óskar Sigurðsson situr hjá.

7. **Aðalskipulag Reykjavíkur. Nýi Skerjafjörður, málsnr. 1711003**
Lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030 dags. júní 2020, breytt 1. september 2020, varðandi breytta landnotkun og fjölgun íbúða í Skerjafirði og bréf dags. 16.9.2020.



Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við tillögu.

Samþykkt með 11 atkvæðum fulltrúa svæðisskipulagsnefndar.

Sveinn Óskar Sigurðsson kýs gegn afgreiðslu.

8. Breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030. Urriðaholt. málsnr. -

Lögð fram skipulags- og matslýsing dags. 17.09.2020 að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar og bréf dags. 18.09.2020. Breytingin varðar að setja fram á skýran hátt skilmála að íbúðarbyggð er heimil á því svæði sem breytingin varðar.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við skipulags- og matslýsingu.

9. Ofanbyggðarvegur

Karen María Jónsdóttir, Ásgeir Sveinsson og Ragnhildur Jónsdóttir þurftu að yfirgefa fund áður en fundarlið lauk.

Rætt.

Sigurður Guðmundsson og Harpa Þorsteinsdóttir bóka eftirfarandi:

Við mótun aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 var staða "Ofanbyggðarvegur" stórt og krefjandi viðfangsefni. Megin niðurstaðan varð sú að Garðabæ vildi ekki að ný stofnbraut myndi liggja frá Setbergi í Leirdalsop eins og fyrra aðalskipulag gerði ráð fyrir. Þar vó þungst að forða því að hraðbraut lægi um vesturbakka Vífilsstaðavatns sem myndi rýra gildi friðlandsins og skera á tengsl byggðar við náttúruna í upplandi Garðabæjar. Garðbæingum hugnaðist ekki heiður sú sýn að tvær stofnbrautir, Reykjanesbraut og Ofanbyggðarvegur lægju nánast hlið við hlið í Vífilsstaðahrauni. Því varð niðurstaðan sú að aðalskipulag gerir nú ráð fyrir að "Ofanbyggðarvegur" liggur frá bæjarmörkum Hafnarfjarðar milli Setbergsholts og Svinholts um austurbakka Urriðakotsvatns að Reykjanesbraut og tengdist þar fyrirhuguðum Álftanesvegi við Molduhraun. Gert er ráð fyrir tengibraut frá Setbergi suður fyrir Urriðakotsvatn sem tengist Urriðaholtsstræti í gegnum Urriðaholt að Reykjanesbraut. Tenging milli Urriðaholts og Vífilsstaða er skilgreind sem "aðririr vegir" og yrði með takmörkuðum umferðarhraða og væri um leið tenging við Heiðmerkurveg. Með þessum hætti yrði megin þunga umferðar beint um Reykjanesbraut að Arnarnesvegi og Elliðavatnsvegi. Tillaga sú sem nú hefur verið auglýst að breytingu aðalskipulags Garðabæjar gerir ráð fyrir því að Vífilsstaðavegur verði ekki framlengdur að Arnarnesvegi um Leirdalsop og með því móti er umferð beint frá útivistarskógi og golfvelli í Vetrarmýri og Smalaholti.

10. Bókun vegna fundar

Helga Hauksdóttir, Marianna Huguín Helgadóttir, Harpa Þorsteinsdóttir og Daði Lárusson þurftu að yfirgefa fund áður en fundarlið lauk.

Í lok fundar bókar Sveinn Óskar Sigurðsson eftirfarandi:

Drög að fundargerð þessa fundar, „vinnslutillögu“ vegna afgreiðslu einstakra mála er ekki tekin í samræmi við starfsreglur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, sbr. ákvæði 2.ml. 2.gr. starfsreglnanna en þar segir: „Til þess að annast starf milli funda og undirbúa fundi svæðisskipulagsnefndar starfar 7 manna framkvæmdanefnd.“. Hvorki er séð að stjórn



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

svæðisskipulagsnefndar né 7 manna framkvæmdanefnd hafi sinnt hlutverki sínu frá kjöri hvað þetta varðar, engar fundargerðir ritaðar og sinnuleysi þegar kemur að undirbúningum funda. Því er og það gert sem orðið er að embættismenn, sem ekki eru kjörnir af almenningi, eru látnir sinna hlutverki þeirra sem eiga að sinna því að undirbúa fundi og þau drög sem hér liggja fyrir nú. Á þetta var bent með bókun á síðasta fundi svæðisskipulagsnefndar nr. 94. Þar var gagnbókað af hálfu meirihlutans að þessari áréttingu væri hafnað og sagt að menn lýstu „fullu trausti“ á starfsmenn svæðisskipulagsnefndar. Sú hjákátlega bókun snýr hvorki að efni máls né því hlutverki sem menn eiga að gegna í þessari nefnd og hafa jafnvel verið kosnir til að gegna. Þetta yfirgripsmikla ábyrgðarleysi og stórundarlega viðhorf a.m.k. hluta af meirihluta svæðisskipulagsnefndar er henni bæði til vansa og ekki í samræmi við lög sem starfsreglur hennar byggja á sbr. 4. mgr. 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Hér er því ekki við starfsmenn svæðisskipulagsnefndar að sakast heldur skipaða og eftir atvikum kjörna fulltrúa sem sitja í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins og sinna ekki skyldum sínum.

Ekki fleira var gert. Fundi lauk klukkan 15:48



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð 96. fundar svæðisskipulagsnefndar

96. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 23. október 2020 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi og á fjarfundi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011:

Reykjavík:

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Kópavogsbær:

Helga Hauksdóttir

Bergljót Kristinsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ólafur Ingi Tómasson

Daði Lárusson

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson

Mosfellsbær:

Ásgeir Sveinsson

Sveinn Óskar Sigurðsson

Seltjarnarnesbær:

Ragnhildur Jónsdóttir

Kjósarhreppur:

Formaður, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, setti fund og stýrði.

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Marianna Hugrún Helgadóttir boðaði forföll fyrir fund.

Þetta gerðist:

1. Þróunaráætlun 2020 – 2024, málsnr. 1812002 – kynning

Kynnt staða vinnu við gerð þróunaráætlunar.

Samúel Torfi Pétursson frá verkfræðistofunni VSÓ tekur sæti undir þessum lið.

2. Leiðbeiningar um samgöngumiðaða byggðaðróun, málsnr. 2005005 – kynning

Kynnt staða vinnu við gerð leiðbeininga.

Tillaga að afgreiðslu

Frestað

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir vék af fundi klukkan 14:06

Helga Hauksdóttir tók við fundarstjórn.



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

3. Aðalskipulag Reykjavíkur. Endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð, málsnr. 2010007

Lögð fram drög að endurskoðun á Aðalskipulagi Reykjavíkur dags. sept 2020 ásamt fylgigögnum og bréf dags. 15.10.2020

Tillaga að afgreiðslu

Frestað.

4. Aðalskipulag Mosfellsbæjar. Skipulagslýsing, endurskoðunar aðalskipulags Mosfellsbæjar, málsnr. 2009005

Lögð fram skipulagslýsing fyrir endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar dags. 07.09.2020 og bréf dags. 18.09.2020. Einnig lagt fram umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 20.10.2020

Afgreiðsla

Umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 20.10.2020 samþykkt.

5. Ofanbyggðarvegur, málsnr. 2010005

Lagt fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 20. október 2020.

Umræður

Afgreiðsla

Svæðisskipulagsnefnd óskar eftir að fulltrúar frá Vegagerðinni fái boð á næsta fund nefndarinnar til að halda kynningu og ræða sýn Vegagerðarinnar.

Sveinn Óskar Sigurðsson bókar eftirfarandi:

Fulltrúi Miðflokksins í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins vill benda á að svo virðist sem Vegagerðin vilji losna undan því að taka þátt í svokölluðum Ofanbyggðarveg enda orðinn að e.k. sundurslitnum hverfisvegum eða n.k. íbúðargötu. Tilgangurinn með honum var annar hér áður fyrr. Þarna virðist vegurinn orðinn það „þröngur“ í skipulagi að nýlunda, varðandi þrengingar á höfuðborgarsvæðinu, er nú í augusýn. Þrengingarstefnan virðist orðin að meginstefnu fleiri sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu en aðeins Reykjavíkur. Það vekur sérstaka athygli.

6. Reglugerð um hlutdeildarlán, málsnr. 2010004

Lögð fram umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 21. október 2020.

Afgreiðsla

Lagt fram

Sveinn Óskar Sigurðsson bókar eftirfarandi:

Fulltrúi Miðflokksins getur ekki samþykkt umsögn svæðisskipulagsstjóra sem send var án formlegrar afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar. Þrátt fyrir fresti eru stjórnsýslulög þannig úr garði gerð að hægt er að óska eftir frestum. Hlutdeildarlán og óhagnaðardröfn verkefni eru afar hæpin til að byggja upp sterka eiginfjárstöðu heimila almennt.

Skv. 2. grein starfsreglna um svæðisskipulagsnefnd segir: Skrifstofa Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu annast stjórnsýslu er varðar starf nefndarinnar og fjármál svæðisskipulagsins, og skal svæðisskipulagsstjóri (eða annar starfsmaður SSH) starfa með nefndunum.



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

7. Svæðisskipulag: Drög að fjárhagsáætlun 2021

Lagt fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 5. október 2020 sem var lagt fyrir stjórn SSH 5. október 2020.

Umræður

Tillaga að afgreiðslu

Frestað

Ekki fleira var gert. Fundi lauk klukkan 15:30



Stjórn SSH 510. fundur

Þriðjudaginn 27. október 2020, kl. 12:00 kom stjórn SSH saman með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Málafni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005.

Gestir fundarins undir þessum lið eru Aðalsteinn Sigurþórsson frá VSÓ, Margrét Lilja Gunnarsdóttir sérfræðingur hjá Innkaupaskrifstofu Reykjavíkur, Magnús Árnason framkvæmdastjóri Skíðasvæðanna, Steingrímur Hauksson Kópavogsbæ, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR, Rósa Steingrímsdóttir fjármálastjóri Hafnarfjarðar, og Björg Fenger, kjörinn fulltrúi í Samstarfsnefnd Skíðasvæðanna.

Páll Björgvin framkvæmdastjóri SSH kynnir feril málsins fram að þessu og þá vinnu sem hefur átt sér stað.

Aðalsteinn Sigurþórsson kynnir þau tilboð sem bárust á grundvelli útboða.

Björg Fenger kynnir vinnu verkefnahóps á grundvelli niðurstöðu útboða.

Umræður.

Gestir viku af fundi.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Umræðu frestað til 511. fundar sem haldinn verður 2. nóvember 2020.

2. Skilavegir – yfirfærsla vega til sveitarfélaga / málsnr. 1910012

Páll Björgvin framkvæmdastjóri SSH kynnir stöðu þessarar vinnu.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Umræðu frestað til 511. fundar sem haldinn verður 2. nóvember 2020.



3. Önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:10



Stjórn SSH 511. fundur

Mánudaginn 2. nóvember 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Málafni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005

Áframhaldandi umræða frá 510. fundi um stöðu mála og næstu skref en tilboð á grundvelli útboða á framkvæmdum á skíðasvæðunum liggja nú fyrir. Gestir fundarins undir þessum lið eru Björg Fenger fulltrúi í Samstarfsnefnd Skíðasvæðanna og Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR.

Páll Björgvin, framkvæmdastjóri SSH, fer yfir minnisblað verkefnahóps um uppbyggingu og rekstur á skíðasvæðunum.

Eftir frekari skoðun leggur verkefnahópurinn til, á grundvelli fyrirbyggjandi tilboða sem lágu fyrir 8. október sl., að þeim verði öllum hafnað.

Verkefnahópnum verði falið að vinna málið áfram á grundvelli fyrirbyggjandi minnisblaðs, og leggja fyrir stjórn SSH að nýju.

Verkefnahópurinn leggur til að ofangreint verði kynnt sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu og um leið boðað að ný tillaga stjórnar SSH, eftir vinnu verkefnahópsins, verði lögð fram til umræðu og afgreiðslu sveitarfélaganna í lok nóvembermánaðar. Í fjárhagsáætlun sveitarfélaganna verði gert ráð fyrir sambærilegum framlögum og áður.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn fellst á tillögu verkefnahóps. Samstarfsnefnd Skíðasvæðanna verði upplýst um framgang mála eftir því sem fram vindur.

2. Fjárhagsáætlun skíðasvæðanna / málsnr. 2008001

Fjárhagsáætlun skíðasvæðanna ásamt rekstraruppjörri vegna janúar- ágúst 2020 lagðar fram.

3. Skilavegir – yfirfærsla vega til sveitarfélaga / málsnr. 1910012



Áframhaldandi umræða frá 510. fundi. Gestur fundarins undir þessum lið er Birgir Björn Sigurjónsson. Páll Björgvin framkvæmdastjóri SSH kynnir stöðu þessarar vinnu. Umræður.

Niðurstaða fundar:

Ljóst er að viðræður um skilavegi til sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu ná ekki til enda af hálfu sveitarfélaganna fyrr en gengið hefur verið frá rekstrarþáttöku ríkisins eftir að þeir verða á forræði sveitarfélaganna. Framkvæmdastjóra SSH falið að rita bréf til ráðherra varðandi mikilvægi þess að fjármagn vegna rekstrarkostnaðar fylgi með skilavegum til sveitarfélaganna, en starfshópur Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna um málið tekur ekki á því atriði.

4. Fjárhagsáætlun svæðisskipulags / málsnr. 1510002

Áframhaldandi umræða frá 508. fundi um drög fjárhagsáætlunar svæðisskipulags.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá á fundinum og er honum frestað.

5. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010

Lagt fram til kynningar yfirlit og minnisblað frá SSH um framlög frá aðildarsveitarfélögum. Þá liggur fyrir minnisblað Vegagerðarinnar um stöðu verkefna og minnisblað um mánaðarskýrsla Borgarlínu frá KPMG. Páll Björgvin framkvæmdastjóri SSH kynnir. Umræður.

6. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Kynntar eru tillögur um Stefnuráð byggðasamlaga svo og staða greiningar á verkefnum Sorpu bs. og Strætó bs. Gestir fundarins undir þessum lið eru Guðrún Ragnarsdóttir og Helga Hlín Hákonardóttir frá Strategíu.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH kynnir stöðu verkefnisins hvað varðar greiningu á verkefnum byggðasamlaganna. Helga Hlín Hákonardóttir kynnir tillögur um Stefnuráð byggðasamlaganna. Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn SSH mun fljótlega funda sérstaklega um verkefnið á aukafundi stjórnar.

7. Beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda vegna Covid-19 / málsnr. 2003006

Áframhaldandi umræða frá 508. fundi. Fyrir fundinum liggur beiðni frá SAF, Samtökum ferðaþjónustunnar, þar sem farið er fram á niðurfellingu, eða frestun, greiðslu fasteignagjalda, og minnisblað SSH um erindið. Páll Björgvin framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH kynna niðurstöður þess. Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu telur að lögum samkvæmt sé ekki heimilt að fella niður fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði. Hvað varðar frestun á greiðslum er kveðið á um hana



í bráðabirgðaákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en þar kemur m.a. fram að hafi gjaldandi sem hefur frestað greiðslum á árinu 2020 orðið fyrir miklu tekjufalli á árinu 2020 geti hann óskað eftir auknum fresti fram til 15. dags. júní, júlí og ágúst 2021. Ekki verður séð að frekari lagaheimildir séu til staðar er heimili frestun greiðsla. Þá er forgangsréttur lögveðs einungis í gildi í tvö ár frá gjalddaga. Til að verða við kröfum þeim sem fram koma í bréfinu þyrfti því að koma til lagabreytinga. Er skrifstofu SSH falið að svara erindinu í samræmi við niðurstöðu fundarins.

8. Covid-19 / málsnr. 2003006

Fjárhagsáhrif Covid-19 á sveitarfélögin. Áframhaldandi umræða frá 508. fundi. Borgar- og bæjarfulltrúar hafa fundað í kjördæmaviku alþingis með þingmönnum höfuðborgarsvæðisins þar sem m.a. var farið yfir umsögn SSH um fjárlagafrumvarp og fjármálaáætlun Alþingis. Í umsögninni er m.a. fjallað um áhrif Covid-19 á fjármál sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og mikilvægi almenns stuðnings ríkisins við sveitarfélögin vegna þeirra. Umræður.

9. Aðalfundur SSH / málsnr. 2009001

Aðalfundur SSH verður haldinn hinn 13. nóvember nk. og gert er ráð fyrir að um fjárfund verði að ræða. Drög að dagskrá fundarins liggja nú fyrir. Umræður um dagskrá.

Niðurstaða fundar:

Um hefðbundinn aðalfund samkvæmt samþykktum SSH verður að ræða, en vegna aðstæðna verður ekkert sértækt mál tekið fyrir eins og venja er

10. Málþing um reynsluverkefni um íbúasamráð

Fyrir liggur boð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um þátttöku á málþingi sem fer fram með rafrænum hætti mánudaginn 9. nóvember kl. 9:30-12:00 undir yfirskriftinni: Reynsluverkefni um íbúasamráð 2019-2020. Hvað lærðum við og hvernig höldum við áfram?

Lagt fram til kynningar.

11. Stýrihópur stjórnarráðsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga

Fyrir liggur fundarboð frá Byggðastofnun vegna samráðsfundar stýrihópsins sem fram fer með rafrænum hætti fimmtudaginn 19. nóvember kl. 14-16. Fundarboðinu er beint til framkvæmdastjóra landshlutasamtaka en fyrir fundinum liggur að taka afstöðu til þess hvort framkvæmdastjóri, annað starfsfólk skrifstofu SSH eða einhver stjórnarmanna sækji fundinn.

Lagt fram til kynningar. Formaður og framkvæmdastjóri munu sækja fundinn.

12. Fundargerðir stjórnar Sorpu bs.

Lagðar fram til kynningar ásamt fundargögnum:

Fundargerð 433. fundar stjórnar Sorpu bs. hinn 25. september 2020.

Fundargerð 434. fundar stjórnar Sorpu bs. hinn 9. október 2020.

Fundargerð 435. fundar stjórnar Sorpu bs. hinn 15. október 2020.



13. Fundargerð samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 385. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins hinn 14. október 2020.

14. Fundargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 64. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál hinn 5. október 2020.

15. Fundargerð stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 562. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga hinn 2. október 2020.

16. Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra.

Lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 14. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra hinn 30. september 2020.

Fundargerð 15. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi vestra hinn 14. október 2020.

17. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 889. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hinn 16. október 2020.

18. Fjölsmiðjan / málsnr. 1501007

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar 8. október 2020.

19. Önnur mál

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:05.

Til bæjarstjórnar

Efni: Tillaga um álagningarhlutfall útsvars árið 2021

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að álagningarhlutfall útsvars verði 13,70% á tekjur manna á árinu 2021 samkvæmt heimild í 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sbr. 24. gr. laganna.

Samþykkt bæjarstjórnar skal tilkynnt fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir 15. desember 2020 samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Efni: Tillaga um álagningu fasteignagjalda árið 2021

Fasteignaskattur skal vera 0,185% af fasteignamati íbúða og íbúðarhúsa ásamt lóðarréttindum, erfðafestulanda og jarðeigna, sbr. a-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Fasteignaskattur skal vera 1,59% af öðrum fasteignum, sem metnar eru í fasteignamati, sbr. c-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Leigugjald á íbúðarhúsalóðum Garðabæjar skal vera 0,4% af fasteignamati lóðar og er þá ekki nýtt að fullu heimild bæjarins sem er 1,0% samkvæmt niðurstöðu í matsgerð dómkvaddra manna.

Leigugjald á atvinnuhúsalóðum Garðabæjar skal vera 1,0% af fasteignamati lóðar, samkvæmt niðurstöðu í matsgerð dómkvaddra manna.

Vatnsgjald skal vera 0,095% af fasteignamati húsa ásamt lóðarréttindum, sbr. heimild í reglugerð um vatnsveitur.

Aukavatnsskattur skal á árinu 2020 vera 23,4 kr/tonn m.v. BVT í des 2019.

Á Álftanesi skal vatnsgjald vera samkvæmt gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur sem innheimtir vatnsgjald samkvæmt samningi.

Holræsa- og rotþróargjöld skulu vera 0,10% af fasteignamati húsa ásamt lóðarréttindum, sbr. samþykkt um fráveitu í Garðabæ nr. 282/2005.

Á Álftanesi skal rotþróargjald vera ~~kr. 30.400~~ kr. 31.160.

Sorphirðugjald skal vera ~~kr. 31.000~~ kr. 41.000 á hverja íbúð [sjá gjaldskrá].

Taðþróargjöld í hesthúsahverfi Andvara skulu vera ~~kr. 310.700~~ kr. 318.500 á hvert hús. [sjá gjaldskrá].

Fasteignaskattur og holræsagjald sem tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða skal lækka að teknu tilliti til viðmiðunartekna. Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarráði að ákvarða viðmiðunartekjur samkvæmt reglum um lækkun fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega.

Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2020 verða 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl 15. maí, 15. júní, 15. júlí 15. ágúst, 15. september og 15. október

Aðrar gjaldskrár – hækkun um 2,5%

Gjaldskrá skólamálsverða

Gjaldskrá leikskóla

Gjaldskrá tómstundaheimila

Gjaldskrá fyrir starfsemi frístundar

Gjaldskrá sundlauga

Gjaldskrá bókasafns